



Canon

Stafrænar myndavélar og fylgihlutir

Stafrænar myndavélar frá kr. 29.900,- Blaksprautuprentarar verð frá kr. 9.900,-



ÓNÁÐ
FRÉTTABLAÐ
Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Fimmtudagur 11. júní 2003 • 23. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk



Þegar tilveran hrynur

– rætt við foreldra Magnúsar Freys Sveinbjörnssonar, sem lést af völdum líkamsárásar í Reykjavík fyrir einu ári. Sjá miðopnu.

Þröstur Óskarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ

Segir kerfið þurfa að huga að opnun hjúkrunarheimilis á Ísafirði

Þröstur Óskarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ, segir fyrirsjáanlegt að reisa þurfi hjúkrunarheimili í sveitarfélaginu til að þjónusta aukinn fjölda aldraðra á svæðinu.

„Miðað við óbreytta íbúðaupróun má reikna með því að öldruðum fjölgi á svæðinu. Þá þarf að finna úrræði fyrir þetta fólk og í því sambandi tel ég

rétt að líta til hjúkrunarheimilis. Að öðrum kosti gætum við lent í því að þjónusta við aldraða yrði ekki eins og best væri á kosið. Í dag höfum við úrræði sem eru þjónustuþúðir og heimahjúkrun. Þeir sem þurfa meiri þjónustu fara á sjúkradeildina á Hlíf“, segir Þröstur Óskarsson.

„Síðan erum við með öldrunardeild á sjúkrahúsinu en hún er helst fyrir fólk sem

þarfnast mikillar aðhlynningar. Okkur fer að vanta hjúkrunarheimili sem millistig.“ Aðspurður segir Þröstur að kerfið þurfi tvímælaust að setja sig í stellingar við að undirbúa opnun hjúkrunarheimilis. „Það þarf að taka út aldursdreifinguna og vinna að áframhaldandi stefnumörkun í málaflokknum,“ sagði Þröstur Óskarsson.

kristinn@bb.is



Á dvalarheimilinu Hlíf á Ísafirði er rekin sjúkradeild fyrir aldraða sem þurfa á aðhlynningu að halda.

/SAMKAUP/
með gæðum

S

OPIÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21


Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21

Verið velkomin!

/SAMKAUP/
með gæðum

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460



SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM




Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamenn:

Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is
Hálfadán Bjarki Hálfadánsson
sími 863 7655
hafidan@bb.is

Ritstjóri nefútgáfu:

Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
hlynur@bb.is

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Umboðsaðilar BB:

Eftirtaldir aðilar sjá um
dreifingu á blaðinu á þétt-
býlisstöðum utan Ísa-
fjarðar: **Bolungarvík:**

Sólveig Sigurðardóttir,
Hlíðarstræti 3, sími 456
7305. **Súðavík:** Sólveig
Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími
456 4106. **Suðureyri:**

Deborah Anne Ólafsson,
Aðalgötu 20, sími 898
6328. **Flateyri:** Gunnhildur
Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi
12a, sími 456 7752.

Þingeyri: Anna Signý
Magnúsdóttir, Hlíðargötu
14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:

Hamraborg, Hafnarstræti
7, sími 456 3166. **Flug-
barinn,** Ísafjarðarflugvelli,
sími 456 4772. **Bónus,**

Ljóninu, Skeiði, sími 456
3230. **Bókhlaðan,** Hafn-
arstræti 2, sími 456 3123.

Bensinstöðin, Hafnarstræti,
sími 456 3574. **Samkaup,**
Hafnarstræti 9-13, sími 456
5460. **Krílið,** Sindragata 6,
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250
eintakið m.vsk. Áskriftarverð
er kr. 215 eintakið. Veittur
er afsláttur til elli- og
örorkulífeyrisþega. Einnig
sé greitt með greiðslukort.

Færir Heilbrigðisstofnun Bolungarvíkur stuttbylgjutæki að gjöf

Sjálfsbjörg, félag fatlaðra í Bolungarvík, afhenti á þriðju- dag Heilbrigðisstofnun Bolungarvíkur stuttbylgjutæki af gerðinni Curaplus sem bætir til muna aðstöðu til sjúkra-

þálfunar. Fanney Pálsdóttir sjúkrahjálfari hjá stofnuninni segir tækið hafa fjölþætta notkunarmöguleika en helst sé því beitt við meðferð á gigt og við ýmsa endurhæfingu þar sem stuttbylgjurnar örvi frumstarfsemi.

Ólafur Kristjánsson, framkvæmdastjóri stofnunarinnar, tók við gjöfinni úr hendi Önnu Torfadóttur, formanns Sjálfsbjargar í Bolungarvík. Þakkaði hann félaginu stuðninginn nú

sem oft áður og sagði tækja- kost sjúkrahjálfara á stofnun- inni mjög góðan meðal annars fyrir tilstuðlan þess.

Auk Önnu og Ólafs voru viðstödd afhendinguna Fann- ey Pálsdóttir sjúkrahjálfari, Íris Sveinsdóttir lækni, Birna Pálsdóttir og Guðrún Ásgeirs- dóttir frá Sjálfsbjörgu í Bol- ungurvík og hjúkrunarfræð- ingarnir Hulda Karlsdóttir og Sigrún Gerða Gísladóttir.

kristinn@bb.is



Frá afhendingu tækisins: Anna, Ólafur, Fanney, Íris, Birna, Guðrún, Hulda og Sigrún Gerða.

Vegfarendur kvarta sáran yfir veginum í Skötufirði

Verður lagður klæðningu fyrir 17. júní

Guðmundur Rafn Kristjáns- son hjá Vegagerðinni á Ísafirði segir stefnt að því að ljúka klæðningu á veginum um Skötufjörð í Ísafjarðardjúpi fyrir 17. júní. Verktakafyrir- tækið Kubbur ehf. vinnur nú að umfangsmiklum vegafam- kvæmdum þar. Talsvert hefur heyrst af umkvörtunum veg- farenda þess efnis að vegurinn sé mjög ógreiðfær og valdi jafnvel tjóni á bifreiðum. Guð- mundur Rafn segir hvassar brúnir vera á „forbrotnu“ efni



sem notað er við framkvæmd- imar. Þess konar efni hafi ekki verið notað mikið áður en þá sé kornastærð frá 0 og upp í 100 mm.

„Þegar þetta liggur og er kyrrt í veginum eiga menn

ekki að finna mikið fyrir því. En um leið og það fer eitthvað af stað, þá er það hvasst því auðvitað eru hvassar brúnir á grjótinu“, segir Guðmundur Rafn. „Það er búið að keyra fínu efni í mestallan veginn en auðvitað hefur þetta verið erfitt enda mikil umferð um hvítasunnuhelgina. Nú heldur það verk áfram og verður lögð klæðning á veginn um næstu helgi. Þetta er að lagast“, sagði Guðmundur Rafn.

kristinn@bb.is

Ísafjarðarflugvöllur

Handtekinn með fíkniefni

Á sjötta tímanum síðdegis á þriðjudag handtók lögregla- an á Ísafirði karlmann á fer- tugsaldri sem var þá nýkom- inn með áætlanarflugi frá Reykjavík til Ísafjarðar.

Maðurinn hefur komið við sögu lögreglunnar vegna fíkniefnamisferlis og vökn-

uðu grunsemdir um að hann væri með fíkniefni í fórum sínum. Við handtökuna fann lögreglan tæplega 76 grömm af kannabisefnum og tæp 4 grömm af amfetamíni hjá manninum. Rannsókn á fíkniefnamisferli mannsins stendur yfir.

Héraðsdómur Vestfjarða

Skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað úr skipi

Maður á þrítugsaldri var í Héraðsdómi Vestfjarða á þriðjudag dæmdur í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi fyrir að brjótað inn í fiskiskipið Þorlák ÍS 15 þar sem það lá í Bolungarvíkur- höfn og stela fimm útvarps- tækjum með geislaspilurum úr vistarverum skipverja.

Hann var einnig dæmdur

til að greiða útgerðarfélagi skipsins liðlega 80 þúsund króna bætur. Þetta átti sér stað fyrir rúmu ári. Ákærði játaði brotið undanbragð- laust og lýsti sig fúsan til að greiða bætur til tjónþola. Fyrir sex árum var hann dæmdur til refsingar fyrir líkamsárás en hafði ekki sætt refsingum síðan.

bb.is

púlsinn fyrir vestan

RITSTJÓRNARGREIN

Fögur fyrirheit

Þrátt fyrir að innlendar og erlendar viðvörunarbjöllur klingi í eyrum nýja félagsmála- ráðherrans vegna áforma hans um 90% lán til íbúðakaupa, að hámarki 18 milljónir í hverju einstöku tilfelli, er engan bilbug á honum að finna. Ráðherrann ætlar sér greini- lega að efna kosningaloforðið hvað sem tautar og raular. Segir þó að horft verði til ábendinga sem fram hafa komið um hættur sem fyrirætlan hans kunna að fylgja. Loforð ráðherrans er reyndar enn að mestu eins og leirinn, sem bíður handa listamannsins.

Pótt enn sé vitnað til bíðsala bankastjóra fyrri tíma til upphafningar frelsinu svokallaða, þá er ljóst að vandamálið er ekki að almenningur hafi ekki að öllu jöfnu nægan aðgang að lánsfjármagni. Auglýsingar fjármálafyrirtækja, þar sem mönnum stendur til boða að „eignast“ fjallabíla og glæsikerrur með því einu að skrifa nafnið sitt, bera því glöggt vitni. Myndin af unga fólkinu sem í örvæntingu sinni leitar til ráðgjafabjónustu með jafnmargar milljónir á bakinu og aldur þess segir til um, hefur aðra sögu að geyma.

Vel má vera að það sé keppikefli að allir „eigi“ þak yfir höfuðið og sem betur fer ná margir því marki. Hvað sem þessu markmiði líður er þó meira um vert að allir „hafi“ þak yfir höfuðið. Afar ólíklegt verður að telja að það eitt leysi vandann að lána þeim hópi þegnanna, sem við núverandi aðstæður sínar hefur ekki getað eignast húsnæði,

meiri peninga.

Ætlunin er að lánshlutfall íbúðalánasjóðs verði almennt 90% er fram líða stundir. Eigi það að skila þeim árangri sem til er ætlast er næsta víst að margt þarf að breytast. Í fyrsta lagi er líklegt að slík hækkun kalli á lengri lánstíma, sem vekur upp spurningar um vexti og verðtryggingu. Í öðru lagi þyrftu laun hins venjulega launamanns að hækka verulega, vægt orðað. Er eitthvað í þá áttina á döfinni? Og eflaust veitti mörgum ekki af efndum á loforðunum um skattalækkanir að auki. Með galopnu kerfi 90% lána af matsverði íbúða aukast líkur á að háar fjárhæðir streymi úr íbúðalánakerfinu til annarra hluta en að er stefnt.

Á engan hátt skal efast um vilja hins nýja félagsmálaráðherra til að leysa húsnæðis- vanda fólks. Hann er ekki sá fyrsti í því embætti sem ætlar að frelsa heiminn. Fögur fyrirheit hans eru góðra gjalda verð. Til að þau komi ekki síðar í bakið á skjólstaðingum hans þarf að mörgu að hyggja. Verði það ekki gert mun ráðherrann (eða einhver eftir- manna hans) vakna upp við það, sem skáldið orðaði svo sniðdarlega, að það var vitlaust gefið.

s.h.

Grunnskólinn á Ísafirði nokkuð yfir meðaltali

Skarphéðinn Jónsson, skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði, segir niðurstöður skólans í samræmdum könnunarprófum nú í vor heldur betri en meðaltal Norðvesturkjördæmis.

„Þetta eru sex próf og í einu þeirra erum við örlítið undir meðaltali kjördæmisins. Í hinum fimm er skólinn við meðaltalið eða yfir því. Þó erum við með heldur lakari útkomu en meðaltalið á landsvísi. Þessar tölur krefjast vissulega yfirlegu en í megindráttum er þetta hvorki stóráfall né stórsigur. Hins vegar er það ekkert launungarmál að við hefðum frekar viljað vera nær landsmeðaltali en meðaltali landshluta.

Jafnframt vitum við að þetta er sveiflukennt en aðalmálið er að halda þessa línu til lengri tíma.“

Í fyrsta sinn eru nú reiknuð meðaltöl fyrir hin nýju kjördæmi og tilheyrir Grunnskólinn á Ísafirði því Norðvesturkjördæmi nú í stað Vestfjarðakjördæmis áður. Skarphéðinn segir þetta breyta samanburðinum töluvert. „Í hinu gamla Vestfjarðakjördæmi hafði Grunnskólinn á Ísafirði afgerandi áhrif á útkomu umdæmisins þar sem í honum var um helmingur nemenda á svæðinu. Núna erum við hluti af stærri heild sem gerir okkur kleift að fá raunhæfari samanburð en áður lagði þessi skóli

línurnar um útkomu kjördæmisins“, segir Skarphéðinn.

Varhugavert getur verið að hans sögn að rýna blint í samanburð skóla. „Núna eru prófin algjörlega valfrjál. Þannig stendur það upp á heimilin hvort nemandi þreytir einhver prófanna eða jafnvel engin. Þess vegna er þetta ekki sami mælikvarðinn og áður. Auðvitað er alltaf gaman að kíkja á tölurnar, þær gefa ákveðna línu. En hafa verður í huga að á bak við þær er mjög mismunandi landslag, til dæmis hvað varðar þrýsting á nemendum að taka prófin“, sagði Skarphéðinn.

kristinn@bb.is

Minnisvarði um 100 ára afmæli vélvæðingar bátaútgerðar

„Hörpu hafsins“ verði valinn staður við Skutulsfjarðarbraut

Sögufélag Ísfirðinga hefur lagt til við Ísafjarðarbæ, að minnisvarða um 100 ára afmæli vélvæðingar bátaútgerðar á Íslandi verði valinn staður innan við Íþróttavellina á Torfnesi milli Vallartúns og Skutulsfjarðarbrautar.

„Þar myndi það njóta sín vel og vera áberandi þegar keyrt er inn í bæinn“, segir í

erindi félagsins. Sögufélag Ísfirðinga hefur í samráði við ýmsa sem málinu tengjast haft forgöngu um að reistur yrði minnisvarði um þennan merka atburð í sögu þjóðarinnar. Til þess var valið verkið Harpa hafsins eftir Svanhildi Sigurðardóttur myndhöggvara.

Minnisvarðinn verður allmikið mannvirki eða fjórir og

hálfur metri á hæð að meðtalinni hálfis annars metra hárrí undirstöðu. Verkið sjálft er þrír metrar á hæð og tveir metrar á kant. Verið er að steypa það í brons og er gert ráð fyrir að það verði tilbúið til afhendingar í júlí eða ágúst á þessu sumri.

kristinn@bb.is

Suðureyri

Íþróttahús byggt og félagsamtök reki félagsheimilið

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur lagt það til við bæjarstjórn að undirbúin verði bygging fjölíþróttahúss á Suðureyri. Þá hefur bæjarráð falið Halldóri Halldórssyni bæjarstjóra að ræða við félagasamtök á Suðureyri um að þau eignist félagsheimili staðarins til rekstrar. Starfshópur um byggingu íþróttahúss og framtíðarnotkun félagsheimilis á Suðureyri skilaði í mars tillögum um að byggður yrði 300



fermetra íþróttasalur, sambyggður sundlaug Suðureyrar, og lagt yrði fé í endurbætur á félagsheimili. Síðan hefur komið í ljós að sá kostnaður er mjög á reiki.

Upphaflega var áætlað að kostnaður við endurbæturnar yrði 16,9 milljónir króna. Í bréfi bæjarstjóra til bæjarráðs segist hann hafa leitað álits fróðra manna sem hafi slegið á nokkuð hærri tölu. Því er lagt til að félagasamtök á staðnum eignist húsið og fái ákveðna fjárhæð til að laga það í núverandi mynd eða með því að halda einungis elsta hluta þess og anddyri eftir.

halfdan@bb.is

Umboð Tryggingamiðstöðvarinnar á Ísafirði

Gleðidagur á morgun

Tryggingamiðstöðin hf. heldur Gleðidaga hjá umboðsmönnum sínum vítt og breitt um landið í sumar. Á morgun, föstudag, er ætlunin að bregða á leik á Ísafirði. Viðar Sveinbjörnsson hjá Tryggingamiðstöðinni á Ísafirði segir að fagnaðurinn hefjist um kl. 16

og boðið verði upp á léttar veitingar, skemmtilegar uppákomur og gleðistemmingu. Ætlunin er að grilla pylsur fyrir vegfarendur hjá skrifstofu TM við hliðina á Hamraborg.

„Við erum á besta stað í miðbænum og því ætti að verða mikið rennirí, sérstak-

lega ef veðurblíðan heldur áfram að leika við okkur“, segir Viðar. Börnin fá blóður en einnig verður á staðnum uppblásinn hoppkastali. Harnikuleikarar munu sjá um tónlistarflutning og ýmis fleiri skemmtileg atriði eru í bígerð.

kristinn@bb.is

Dagskrá

hátíðahalda

þann 17. júní 2003

í Ísafjarðarbæ

08:00 Flaggð um allan Ísafjarðarbæ.

09:30 Döggvæði við Sundahöfn. Stjórnandi Guðbjörg Norddalsson.

10:00 Söguvæði um Ísafirði með leikstjórn Sigurðar Péturssonar. Safnast samas á Silfurtorgi.

11:30 Safnast samas á Silfurtorgi.

12:00 Örnþórunn að hátíðarsvæðinu við Gamla skólahúsið.

14:00 Hátíðin sett af Ingu E. Ólafsdóttur, formanni menningarmálanefndar.

14:05 Sumarkórinn á Ísafirði syngur.

14:15 Ástæða þakka.

14:25 Þjóðdöngurinn.

14:30 Hátíðaræða Hátíðar Hátíðarinnar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar.

14:45 Leiklist, tónlist, dans og fleira.

Jafnframt verður í hátíðarsvæðinu boðið upp á ýmsa leiki og gíma fyrir yngri kynslóðina í meðan á dagskrá stendur.

16:30 Áætlað dagskrárlið í hátíðarsvæði við Gamla skólahúsið.

Kvölddagskrá

20:30 Dansleikur í Neðstakaupstað.

Þannig koma önnur þrjár tónlistar, auk þess sem fleirar ír Harmoníufélagi Vestfjarða spila fyrir postu í Tjónhúsi.

Kaffiþvingar í Tjónhúsi.

23:30 Dagskrárlið 17. júní 2003.

Önundarfjörður

Hátíð verður haldin sunnudaginn 18. júní í Holti í Önundarfirði. Hósti hátíðin kl. **14:00**. M.a. verður vöðvangshlaup og kaffisala verður í Holtakóla.

Suðureyri

Vöðvangshlaup fyrir alla fjölskylduna sem hefst kl. **10:30** og verður hlaupið frá Kól.

Pingeyri

10:00 Gróðursetning við tjóðstæði á Pingeyrarmúði.

13:00 Kaffisala í Félagsheimili á Pingeyri.

20:00 Söguvæðing Hátíðar í Félagsheimili.

Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar

Söluverðið 18 milljónir króna

Farþegaferjan Ísafold, sem legið hefur við bryggju á Ísafirði í meira en tvö ár, hefur verið seld. Skrifað var undir kaupsamning í síðustu viku, en kaupandinn er franskur ríkisborgari og athafnamaður í ferðamannaíðnaði í Senegal þar sem ferjan mun öðlast nýtt hlutverk. Söluverð skipsins er rúmar 18 milljónir króna. Vonir standa til að hægt verði að sigla skipinu frá Íslandi um miðjan mánuðinn. „Hann ætlar að sigla burt undir sene-

gölsku flaggi“, segir Jóna Kristín Kristinsdóttir, fyrrverandi eigandi Ísafoldar.

„Fyrst þarf að yfirfara ýmis öryggisatriði, svo sem slökkvitæki og björgunarbáta. Einnig á að mála ferjuna áður en henni verður siglt burt. Héðan fer hún til Senegal, og stendur til að komið verði við í Frakklandi þar sem gerðar verða frekari breytingar á skipinu“, segir Jóna Kristín.

Ísafold kom til Ísafjarðar í maí 2000 og gegndi farþega-

siglingum um norðanverða Vestfirði um sumarið. Ári síðar var ljóst að siglingar myndu ekki halda áfram og stóð til að selja skipið. Í janúar á síðasta ári var fyrirtækið Ferjusiglingar ehf. úrskurðað gjaldþrota og leysti þá Jóna Kristín Kristinsdóttir, einn ábyrgðarmanna fyrirtækisins Ísafold til sín. Að sögn hennar nemur tapið á viðskiptunum við fyrrverandi eigendur ferjunnar rúmum 10 milljónum króna.

halfdan@bb.is



Farþegaferjan Ísafold á leið í slipp á Ísafirði.



Gleðidagur hjá TM

Það er komið sumar og stutt í brosið hjá öllum. Af því tilefni tökum við hjá TM vel á móti þér og þínum í umboði okkar að Hafnarstræti 7 á Ísafirði, föstudaginn 13. júní kl. 16-19.

Við hvetjum þig til að koma og kynnast öllu sem við getum gert fyrir þig með TM-Öryggi. Við bjóðum einnig upp á léttar veitingar, ýmsar uppákomur og sannkallaða gleðisemningu.

Við erum öðruvísi af því að þið eruð öðruvísi.



UMBOÐ TM - HAFNARSTRÆTI 7 - 400 ÍSAFJÖRDUR - Sími 400 5200 - www.tm.is

ÖRYGGI

Rúður brotnar í neyðarskýlum

Í síðustu viku var tilkynnt um að brotnar hefðu verið rúður í neyðarskýlum á Hrafnseyrarheiði og Dynjandisheiði. Að sögn Skúla Berg, rannsóknarlögreglumanns á Ísafirði, er ekki vítað með vissu hvenær rúðurnar voru brotnar. „Það er hálf nóturlegt þegar menn eru að vinna skemmdir á þessum skýlum“, segir Skúli. Ólíklegt er að rúðurnar hafi verið brotnar til þess að komast inn í skýlin, þar sem þau eru alltaf olæst. Eigendum skýlanna, sem eru björgunarsveitir á svæðinu, hefur verið tilkynnt um skemmdarverkin. – halfdan@bb.is

Menntamálaráðuneytið biðst afsökunar

Menntamálaráðuneytið hefur ritað Ísafjarðarbæ þríf þar sem beðist er velvirðingar á mistökum við úrvinnslu gagna um kennslustundafjölda á skólaárinu 2001 til 2002. Eins og fram hefur komið gerði ráðuneytið athugasemdir við að fjöldi kennslustunda uppfyllti ekki lögboðið lágmark á umræddu skólaári í þremur grunnskólum í Ísafjarðarbæ. Í bréfinu segir að Grunnskólinn á Ísafirði hafi verið ranglega talinn með Grunnskólanum á Suðureyri og eigi áður framkomnar athugasemdir við þann skóla. – kristinn@bb.is

Aftur skólastjóraskipti á Pingeyri

Hörður Ragnarsson, skólastjóri Grunnskólans á Pingeyri, hefur sagt starfi sínum lausu að afloknum reynslutíma. Hörður var ráðinn í stöðuna í mars á þessu ári eftir að Guðmundur Þorkelsson forveri hans lét af störfum að eigin ósk. Á síðasta fundi Fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar þakkaði hún Herði þann stutta tíma er hann hefur starfað sem skólastjóri Grunnskólans á Pingeyri og óskaði honum velfarnaðar. Fræðslunefnd hefur falið forstöðumanni Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar að auglýsa stöðuna. – kristinn@bb.is

Fundur fornleifa gæti seinkað framkvæmdum

Þorleifur Eiríksson hjá Náttúrastofu Vestfjarða segir að gerð snjóflóðavarnargarðs í Bolungarvík geti seinkað ef til umfangsmikils fornleifauppgraftar kæmi þar sem hann á að rísa. Gamla mannvistarleifar hafa fundist í könnunargrefti á svæðinu eins og kom fram hér í blaðinu í síðustu viku.

„Lögin um fornleifar eru mjög skýr. Núna fer fram könnun á því hvort þarna eru fornminjar sem gefa tilefni til frekari uppgraftar. Þetta fer í aldursgreiningu og síðan skrifar Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur skýrslu til Fornleifaverndar sem ákveður hvort þetta teljast merkilegar minjar. Ef svo er þyrfti að grafa þarna“, segir Þorleifur.

Ragnar Edvardsson segir erfitt að segja til um hversu langan tíma uppgraftarferlið taki. Það sé undir ákvörðunum Fornleifaverndar komið en hann muni skila greinargerð til stofnunarinnar í byrjun júlí. „Þeir munu síðan ákveða lágmarksaðgerðir sem þarf að ráðast í“, sagði Ragnar.

Lítið svigrúm er til að breyta hönnun garðsins, að sögn Þor-



Fornleifafræðingarnir Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher frá Bandaríkjunum við rannsóknir sínar í Bolungarvík.

leifs. Til athugunar hafi komið að setja hann ofar í hlíðina en þannig uppfylli garðurinn ekki kröfur reglugerðar.

Einar Pétursson bæjarstjóri

í Bolungarvík segir að ekki hafi verið ákveðið hvenær framkvæmdir við garðinn hefjist. Það muni skýrast með haustinu þegar niðurstöður um

umfang fornleifarannsókna og í dómsmálum vegna uppkaupa á húsum liggi fyrir.

kristinn@bb.is

Ingi Þór fær ársleyfi frá störfum

Ingi Þór Ágústsson bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ mun taka um eins árs leyfi frá störfum í bæjarstjórn og öðrum trúnaðarstörfum sem hann gegnir fyrir bæjarfélagið. Ástæðan er sú að hann hyggst taka að sér yfirþjálfarastöðu við sunddeild Breiðabliks í Kópavogi. „Ég ætla að prófa þetta í að minnsta kosti eitt ár. Ef mér gengur vel og mér líður vel mun ég segja af mér embætti sem bæjarfulltrúi. Ef þetta gengur ekki þá kem ég heim aftur.

Þetta var ekki auðveld ákvörðun en hana varð ég að taka, bæði af persónulegum ástæðum og öðru“, segir Ingi Þór. Auk þess að starfa sem bæjarfulltrúi er Ingi Þór yfirþjálfari hjá Sundfélaginu Vestra á Ísafirði, formaður undirbúningarnefndar fyrir Unglingalandsmót UMFÍ, formaður íþrótt- og æskulýðsnefndar Ísafjarðarbæjar og hjúkrunarfræðingur á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði. „Uppsagnarfrestur minn hjá sjúkrahúsinu rennur út í haust og þá fer ég.“ Ingi Þór skipaði 4. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins við bæjarstjórnarkosningarnar í Ísafjarð-



Ingi Þór Ágústsson.

„Ég ætla að prófa þetta í að minnsta kosti eitt ár. Ef mér gengur vel og mér líður vel mun ég segja af mér embætti sem bæjarfulltrúi.“

ar bæ fyrir einu ári en flokkurinn fékk fjóra menn kjörna. Í 5. sæti og þar með fyrsti varamaður var Elías Guðmundsson á Suðureyri. Í 6. sæti var Jón Svanberg Hjartarson, lögregluvarðstjóri á Flateyri, 7. sæti Áslaug Jóh. Jensdóttir ferðabjónn á Ísafirði og í 8. sæti Jónas Þór Birgisson lyfjafræðingur í Hnífsdal.

halfdan@bb.is

Skipulag Guðjóns Samúelssonar arkitekts á Eyrartúninu haft til hliðsjónar við hönnun lóðar Safnahússins

Frágangur á lóð kominn á útboðsstig

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að farið verði í vinnu við útboðsgögn vegna framkvæmda kringum Gamla sjúkrahúsið á Ísafirði sem brátt verður tekið í notkun sem Safnahús Ísafjarðar. Byggt verði á tillögum Péturs A. Björnssonar arkitekts. Menn-ingarmálanefnd áætla að verkinu ljúki í sumar.

Jóhann Hinriksson, forstöðumaður bókasafnsins á Ísafirði, segir skipulag Guðjóns Samúelssonar á Eyrartúnu hafa verið haft til hliðsjónar við hönnun verksins en aðalinnangangur verði á framhlið hússins. Lóðin verður prýdd ýmsum gróðri en m.a.

er ætlunin að setja niður rósa-runna við framhlið hússins. Jóhann segir stefnt að því næsta sumar að ráðast í heildarskipulag Sjúkrahússtúnsins sem verði töluvert stærra verkefni.

„Planið í kringum húsið verður endurnýjað en þar eru malbiksleifar frá fyrri tíð. Stéttin við húsið mun standa töluvert upp úr túninu en við endimörk hennar verður 60 til 70 cm hár hlaðinn kantur. Hugmyndin er að hægt verði að nýta stéttina sem pall fyrir ýmis konar uppakomur á túninu, til dæmis við hátíðahöld 17. júní“, segir Jóhann.

kristinn@bb.is



Tillaga Péturs A. Björnssonar að frágangi lóðar Gamla sjúkrahússins.

Tekinn á öðru hundraðinu í göngunum

Fjórir voru teknir fyrir of hraðan akstur í Vestfjarðagöngum í síðustu viku. Í göngunum er hámarkshraði 60 km en þessir bílar voru frá 80 og upp í 110 km hraða og leið ekki nema hálftími milli þess fyrsta og þess síðasta. Þá tóku sömu lögreglumenn tvo ökumenn fyrir hraðakstur þegar þeir voru á leið að göngunum og þann þriðja á leiðinni úr þeim. „Það voru sem sagt sjö teknir. Þetta er fullgróft, sérstaklega með tilliti til þess að vitað var að við værum með sérstakt hraðaeftirlit í gangi“, segir Pétur Björnsson, varðstjóri. – halfdan@bb.is

Katlar ehf. selja hluta-bréf í HG í Hnífsdal

Fjárfestingarfélagið Katlar ehf. seldi í síðustu viku bréf í Hraðfyrstihúsinu-Gunnvöru hf. að nafnvirði 6,75 milljónir króna á genginu 6,85. Eftir viðskiptin er eignarhlutur Katla um 46,4 milljónir að nafnvirði. Í stjórn Katla eru þeir Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri HG, Kristján G. Jóhannsson, varaformaður stjórnar, og Kristján G. Jóakimsson, framleiðslu- og markaðsstjóri. Í byrjun apríl keyptu Katlar bréf í félaginu að nafnvirði 37,5 milljónir á svipuðu gengi og nú var selt á. – halfdan@bb.is

Skellurnar á Ísafirði með góða upphitun

Kvennablaðfélagið Skellurnar á Ísafirði býður upp á rækilega upphitun fyrir hið árlega Kvennahlaup ÍSÍ sem verður 25. júní. Ætlunin er að ganga eða hlaupa saman undir stjórn Þorbjargar Ólafar Jónsdóttur íþróttakennara þær leiðir sem verða í boði í Kvennahlaupinu. „Safnast verður saman á mánudögum og fimmtudögum kl. 19.30 við íþróthúsið á Torfnesi og gengnar eða hlaupnar þær leiðir sem verða í Kvennahlaupinu“, segir Skellan Guðbjörg Skarphéðinsdóttir. Í fyrra var hægt að velja um þrjár vegalengdir, 3, 5 eða 7 km. – halfdan@bb.is



SÆLKERAR VIKUNNAR

ERU SVAVA RÁN VALGEIRSDÓTTIR
OG VERNHARÐUR JÓSEFSSON

Fiskisúpa með grænmeti

fyrir 5-6 manns

Við látum að sjálfsögðu ekki taka okkur í bólinu og erum hér með tvær uppskriftir sem henta við öll tækifæri, jafnt brúðkaup sem jarðarfari.

2 dósir tómatkryddsósa með hvítlauk
½ l vatn
½ bolli saxaður laukur
½ bolli saxaðar gulrætur
½ bolli saxað sellerí
½ bolli söxuð paprika
1 bolli saxaðir sveppir
¼ l rjómi
½ grænmetisteningur
½ fiskteningur
1 msk púðursykur
250 g rækja, humar eða fiskur

Steikið grænmetið í potti og setjið tómatkryddsósuna út í. Bætið hinu við nema (skel)fiskinum og hrærið vel saman. Látið malla við vægan hita í 20-30 mínútur. Setjið fiskinn út í fimm mínútum áður en súpan er tilbúin en ef notuð er rækja er hún sett þegar súpan er fullsoðin. Krydduð með salti og pipar eftir smekk.

Kjúklingspestópasta fyrir 6 manns

1 stk kjúklingur
50 g sólþurrkaðir tómatar í bitum



1 stór rauðlaukur
1 lítið búnt steinselja
50 g svartar steinlausar ólífur
500 g pastaskrufur
0,1 l ólífuolía
0,2 l pestó

Steikið kjúklinginn, beinhreinsið og skerið í bita. Sjóðið pastað í saltvatni. Þegar pastað er fullsoðið blandið þá öllu saman í stóra skál, hrærið vel saman og kryddið með salti og pipar eftir smekk.

Þetta er gott saman eða sér, sitt í hvoru lagi eða í smærri hópum. Svo að við minnumst ekki á hvað er gott að hafa gott brauð með, bæði fljótandi og fast.

Við viljum svo senda boltann yfir Klofning til Flateyrar þar sem þau Ónundur og Sigrún ætla að galdra fyrir okkur eitthvað unaðslega gómsætt.

Ótalmargar og fjölbreyttar hátíðir á Vestfjörðum í allt sumar

Bryggjudagar haldnir í Súðavík um helgina

Starfsmaður við Mjólkárvirkjun

Orkubú Vestfjarða óskar eftir að ráða starfsmann við Mjólkárvirkjun í Arnarfirði.

Óskað er eftir rafiðnfræðingi eða 4. stigs vélstjóra.

Starfið felst í alhliða umsjón með rekstri virkjunarinnar og gæslu á eignum Orkubúsins í norðanverðum Arnarfirði.

Umsóknir um starfið sendist Orkubúi Vestfjarða, Stakkanesi 1, 400 Ísafirði, fyrir 24. júní nk. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf 1. ágúst nk.

Upplýsingar um starfið gefa Jakob Ólafsson og Kristján Haraldsson í síma 450 3211.

Upplýsingar um Orkubú Vestfjarða má finna á vefsíðum fyrirtækisins www.ov.is



Fjölmargar hátíðir verða á Vestfjörðum í sumar og hefur sú flóra sjaldan eða aldrei verið eins viðamikil og fjölbreytt. Lætur nærri að flestar helgar til ágústloka séu lagðar undir stórvíðburði af einhverju tagi á einhverjum stað.

Í júní verður af nógu að taka víða um fjórðunginn. Arnfirðingahátíðin „Bíldudals grænar...“ er einn víðamesti atburður mánaðarins. Stendur hún í fjóra daga eða 26.-29. júní með fjölbreyttri dagskrá vítt og breitt um Arnarfjörð. Í aðdraganda Jónsmessu eða dagana 19.-23. júní verður tónlistarhátíðin „Við Djúpið“ haldin á Ísafirði en þar munu þjóðþekktir tónlistarmenn miðla kunnáttu sinni. Bryggjudagar í Súðavík verða haldnir í fyrsta sinn dagana 13.-14. júní en þeir eru samstarfsverkefni Súðavíkurhrepps og starfsmanna Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. í Súðavík.

Í Strandasýslu má nefna sögusýninguna „Saudfé í sögu þjóðar“. Hún var opnuð núna um mánaðamótin í Sævangi

við Steingrímsfjörð og stendur allt til loka ágústmánaðar. Fótfráum er boðið að taka þátt í hinu árlega Óshlíðarhlaupi 28. júní en þá um kvöldið verður fyrsta saltfiskveislan af fjórum haldin í Neðstakaupstað á Ísafirði. Þar munu alþýðukokkar reidda fram ýmsa kræsilega rétti í bland við fyrirlestra sögufróðra manna.

Þessi upptalning er hvergi nærri tæmandi. Ljóst er að Vestfirðingar og gestir þeirra þurfa að hafa sig alla við vilji þeir sinna menningarframboðinu með þokkalegum hætti. Áhugasömum er bent á að fylgjast með á atburðadagatali bb.is.

kristinn@bb.is

Þar sem pulsinn skær...



MAÐUR VIKUNNAR

Ætlaði að
verða
rokkari og
fótbolta-
kappi



Nafn: Jón Páll Hreinsson.

Fædd/-ur, hvar og hvenær: Á Ísafirði 9. apríl 1973.

Atvinna: Markaðsstjóri hjá 3X-Stáli.

Fjölskylda: Eiginkonan heitir Púrður Katrín Vilmundardóttir og börnin eru Andrea Valgerður og Hreinn Róbert.

Helstu áhugamál: Veiði, knattspyrna og lestur.

Bífreið: Eðlavgagninn Subaru Impreza.

Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Kannski maður láti verða af því að skipta upp í Subaru Legacy einhvern tímann. En Porche Cayenna! Ullalla.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Framan af ætlaði ég að verða rokkari, slökkviliðsmaður, fótboltakappi o.s.frv., en þegar á leið sá ég fram á að það myndi klikka.

Uppáhalds matur? Það verður að vera saltfiskrétturinn hjá SKG-veitingum á Ísafirði. Þeir verða einhvern tíma ríkir á þessum rétti.

Versti matur sem þú hefur smakkað? Hér er úr mörgu að velja, en vinninginn hefur „Lútu“ fiskurinn sem ég smakkaði í Noregi. Erfiðasta matarboð sem ég hef farið í.

Uppáhalds drykkur? Vatn.

Uppáhalds tónlist? Of langt mál að telja það allt upp. Hlusta á allt frá gömlu Gufinni til Led Zeppelin (fer ekki í harðara en það).

Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Bí'88 er félagið. Svo heillaði Guðni Bergsson mig í kassanum um daginn. Landi sínu til söma.

Uppáhalds sjónvarpsefni? Íþróttir taka sennilega mestan tímann. Svo hefur fjölskyldan reynt eftir mesta megni að planta sér öll saman fyrir framan kassann á mánudögum til að horfa á dýralífsþættina með David Attenborough. Merkilegt hvernig hann nær athygli manns..

Uppáhalds vefsíðan? 3x.is, bb.is, mbl.is. Þar maður meira?

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Nýtt líf, Með allt á hreinu og Stella í orlofi.

Fallegasti staður hérlandis? Síðustu sumur hef ég gengið nokkuð um Vestfirði og vestfirsk fjöll. Dásamlegir staðir. Sá staður sem hafði mest áhrif á mig var gönguferð um Fofafót. Sagan þar var einhvern veginn svo yfirþyrmandi.

Fallegasti staður erlendis? Noregur er fallett land. Ertu hjátrúarfull(ur)? Nei.

Uppáhalds heimilistækið? Uppþvottavélin.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Eyða góðum tíma með vinum og fjölskyldu.

Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Þegar maður hefur ekki tíma til að klára hlutina eins vel og maður hefur metnað til.

Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Vera með fjölskyldu og vinum.

Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Já.

Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Uppgötva það í Glasgow að vera með útrunnið vegabréf og þurfa að taka næturlest til London til að fá framlengingu á því. Ólafur Sigurðsson (Óli hans Sidda) í sendiráði Íslands bjargaði mér alveg þann daginn. Takk.

Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Ég myndi setja fram það markmið að koma Ísafjarðarbæ yfir 10.000 manns fyrir 2020. Leggja svo fram áætlunina sem gerir það kleyft. Skammtíma úrlausnir eru mér ekki að skapi. Ætli restin af deginum færi ekki í að selja stjórndóm bæjarins, starfsmönnum hans og öðrum bæjarbúum þessa hugmynd. Okkar verstí óvinur er nefnilega sá að við trúum ekki að þetta sé hægt. Lífsmóttó? Að vera heiðarlegur.

Atvinna

Starfsmaður óskast á skrifstofu F.O.S. Vest. Viðkomandi þarf að hafa tölvukunnáttu og geta unnið sjálfstætt.

Umsóknir berist skriflega á skrifstofu F.O.S. Vest fyrir 25. júní nk.

Könnuð verði bygging allt að 2.000 fermetra skólahúss við Fjarðarstræti

Fram er komin tillaga um að metin verði sú leið til lausnar húsnæðisvanda Grunnskólans á Ísafirði, að byggt verði 1.800 til 2.000 fermetra skólahúsnæði við Fjarðarstræti.

Lárus G. Valdimarsson fyrir hönd bæjarfulltrúa S-lista lagði þessa tillögu fram á síðasta fundi bæjarstjórnar. Í tillögunni segir að viðhalds- og endurbótaverkefni sem ráðgerð eru í sumar verði með sama hætti og í 1. áfanga tillögu undirbúningshóps vegna byggingar framtíðarhúsnæðis fyrir Grunnskólann á Ísafirði. Ennfremur verði á tímabilinu 2006 til 2010 unnið að endurbótum á eldra húsnæði skólans eftir þörfum og verði hugmyndir úr verðlaunatillögu lagðar til grundvallar þeim breytingum. Gert verði ráð fyrir notkun skólahúsnæðis í Kaupfélagshúsinu í samræmi við tillögur starfshóps.

Samkvæmt tillögunni er hinu nýja skólahúsnæði ætlað að hýsa 7. til 10. bekk Grunnskólans á Ísafirði. Gert er ráð fyrir þremur bekkjardeildum í hverjum árgangi og verði því

almennar kennslustofur 12 fyrir utan þrjár til fjórar sérgræinastofur. Tillöguhöfundar meta kostnað við verkið um 350 til 400 milljónir króna miðað við að framkvæmdir hefjist í ársbyrjun 2004 og skólastarf þar hefjist haustið 2005.

Aðspurður segir Lárus horft til þess að nýta lóðir sem bærinn hefur keypt við norðanvert Fjarðarstræti á mótí Hæsta kaupstað. Eins hafi komið fram önnur hugmynd um að byggja á lóð Kaupfélagshússins. „Nú liggur fyrir að menn ætla að nýta það hús áfram fyrir Grunnskólann. Með viðbyggingu gæfist okkur kostur á að loka hringnum ef svo má að orði komast og skapa ágæta heild“, segir Lárus.

Í greinargerð með tillögunni segja höfundar að þeir telji kostnað við útfærslu verða af mikinn og að framkvæmdatími sé allt of langur í þeim hugmyndum sem fram koma í niðurstöðum undirbúningshópsins. Erfitt verði að fara í byggingarframkvæmdir á skólalóð og í næsta nágrenni



Byggingar Grunnskóla Ísafjarðar fyrir miðri mynd. Efst til hægri má sjá skúralengju á lóð Ísafjarðarbæjar við Fjarðarstræti.

hennar auk þess sem skólalóð verði skipulagslega óhagkvæm. Segja tillöguhöfundar útfærslu sína vera 30 til 35% ódýrari en fyrirbyggjandi hugmyndir hópsins en í tveimur af þremur þáttum tillagnanna sé stuðst við niðurstöður hans og því sé um ágæta og hagkvæma málamiðlun að ræða.

„Fyrst og fremst er það tími og kostnaður við höfum áhyggjur af í núverandi hugmyndum. Við erum alls ekki mótfallnir því að gera upp gamla barnaskólann en teljum brýnast að menn vinni að því að leysa húsnæðisvandann. Mér finnst menn mjög fastir í því að þetta sé einhver bygg-

ingarfræðileg fegrunaraðgerð á miðbæ Ísafjarðar en miði ekki að því að leysa þörf. Þessar tillögur okkar eru ekkert heilagt mál og við ætlum ekki að hefja nýjar deilur um húsnæðismál GÍ en okkur finnst sá rammi sem menn eru búnir að skilgreina sig inni í núna ansi knappur. Eg vona að

minnsta kosti að menn meini það sem þeir segja, að þeir vilji finna góða lausn á þessum málum“, segir Lárus.

Bæjarstjórn vísaði tillögu þeirra S-lista manna til byggingarnefndar vegna framtíðarhúsnæðis GÍ sem væntanlega tekur til starfa fljótlega.

kristinn@bb.is



Hafsteinn Ingólfsson um borð í bát sínum, Guðrúnu Kristjánsdóttur.

Áætlungarsiglingar um Djúp, Jökulfirði og á Hornstrandir

Sumarið lofar góðu

Forsvarsmenn Sjóferða Hafsteins og Kiddýjar og Hornstranda ehf. á Ísafirði segja komandi ferðamannasumar lofa nokkuð góðu. Fyrirtækin tvö halda í sumar uppi áætlunarsiglingum frá Ísafirði til hinna ýmsu áfangastaða við Djúp, í Jökulfjörðum og friðlandi Hornstranda.

„Sumarið leggst ágætlega í mig“, segir Hafsteinn Ingólfsson hjá Sjóferðum. „Ég held að þetta verði ekkert verra en

í fyrra. Ef eitthvað er finnst mér meira af bókunum núna. Við erum búin að fara miklu fleiri ferðir í vor en á sama tíma í fyrra.“

Henry Bæringsson hjá Hornströndum ehf. segir að búið sé að bóka allmargar ferðir í sumar. „Mér list ágætlega á sumarið en þetta er alltaf rólegt í byrjun, sérstaklega þegar það er svona kalt í veðri. Fólk virðist meira að segja halda að sér höndum með að

panta ferðir þegar það er svona kalt, jafnvel þó að ekki eigi að fara fyrir en í júl“, segir Henry. Á næstu dögum hefjast áætlunarsiglingar fyrirtækjanna tveggja af fullum þunga. Sjóferðir sigla um Djúp, í Æðey og Vigur, vítt og breitt um Jökulfirði og til Aðalvíkur. Hornstrandir sigla til Hesteyrar og Grunnavíkur, Aðalvíkur og allt norður í Hornvík.

halfdan@bb.is



Sjálfboðaliðar óskast!

Hefur þú áhuga á að taka þátt í framkvæmd unglíngalandsmótsins um verslunarmannahelgina? Okkur vantar fjölda sjálfboðaliða til að starfa með okkur við íþróttagreinar, gæslu og fleira.

Við skorum á alla þá sem áhuga hafa á að skrá sig til leiks sem sjálfboðaliða og leggja þar með sitt að mörkum til að gra unglíngalandsmótið ógleymanlegt fyrir þátttakendur og gesti.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofu HSV í síma 456 5434 eða á netfanginu hsv@hsv.is

Undirbúningsnefnd ULM 2003.

Pau Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Herdís Anna Jónasdóttir og Brynjar Már Brynjólfsson ljúka nú stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Ísafirði og halda senn úr faðmi fjalla blárra til frekara náms. Nú í vetur hafa þau varið verulegum hluta krafta sinna í að æfa og leika burðarhlutverk í uppsetningu Tónlistarkóla Ísafjarðar og Litla Leikklúbbsins á Söngvaseið. Strit þeirra og annarra hefur skilað sýningunni á fjalir Þjóðleikhússins í Reykjavík þar sem þegar seldist upp á tvær sýningar. Þórunn og Dís leika elstu börn Von Trapp hjónanna ásamt Helga Þór Arasyni. Á þeim hvílir þung ábyrgð þar sem þau eru leiðtogar yngri leikaranna í barnahópnum. Brynjar hefur einnig vakið athygli fyrir einsöng sinn í hlutverki sendilsins Rolfs sem hann leysir prýðisvel af hendi.



Herdís Anna Jónasdóttir, Brynjar Már Brynjólfsson og Þórunn Arna Kristjánsdóttir.

Ungt hæfileika-fólk á tímamótum

– spallað við þrjú ungmenni á Ísafirði sem alltaf hafa miklu meira en nóg að gera

Þó að mikið hafi farið fyrir þessu þríeyki í Söngvaseið var leikurinn og söngurinn þar engan veginn eina viðfangs-efni þeirra í vetur, auk þess að sjálfsögðu að sinna síðustu önninni í MÍ. Það er þó svo sem engin nýlunda hjá þeim að hafa mörg járn í eldinum en undanfarin ár hafa þau verið iðin við að finna köftum sínum farveg í ýmiskonar uppátækjum og sköpun.

– Þórunn og Dís, nú farið þið fyrir barnahópnum í sýningunni á Söngvaseið. Eftir því sem mér skilst var mikið álag á leikurum og söngfólki sýningarinnar og sérstaklega þeim í stærri hlutverkunum. Tók það ekkert á að fara líka fyrir barnahópnum þar sem sumir leikararnir eru mjög ungir?

Þórunn: „Nei, það var mjög gaman.“

Dís: „Þetta eru allt mjög skemmtilegir krakkar.“

Þórunn: „Eina sem var að við þurfum í rauninni að æfa tölvafat því það voru tveir hópar sem fóru með hlutverk yngstu barnanna.“

Allir geta lært að syngja

– Eftir þetta allt saman er sjálft Þjóðleikhúsið framundan hjá ykkur...

Þórunn: „Sem er ekkert smá spennandi. Ég vildi helst sýna þar í mánuð.“

Brynjar: „Þetta er algjör draumur.“

– Tæpast eru mjög margir sem afreka það í lífinu að koma fram í Þjóðleikhúsinu. Er þetta ekki gríðarmikið tækifæri?

Þórunn: „Jú, þetta er alveg ótrúlegt og mjög gaman. Þó maður verði aldrei leikari, þá er alltaf hægt að segja frá því þegar maður lék í Þjóðleikhúsinu!“

Dís: „Þetta fer í ferilsskrána.“

Brynjar: „Ég held að maður eigi eftir að lifa á þessu alla ævi – það er virkilega skemmtileg upplifun að fá svona góðar viðtökur.“

– Haldið þið að þetta sé reynsla sem þið getið nýtt ykkur síðar?

Dís: „Örugglega. Og ekki síður að hafa leikið undir leikstjórn Þórhildar Þorleifsdóttur. Ég er viss um að sú reynsla nýtist okkur.“

Þórunn: „Hún er toppurinn á ferilsskránni.“

Brynjar: „Við getum líka

sett hana inn tvisvar í ferilsskrána því við lékum undir hennar stjórn í leikritinu Gísl sem var sett upp í Menntaskólanum í fyrravetur. Við erum orðin góðir vinir Þórhildar.“

– En Brynjar – þú ferð með einsöngshlutverk í Söngvaseið.

Brynjar: „Ég get nú ekki sagt að það sé stórt. Ég kem þarna inn og syng eitt lag. Síðan hjóla ég um sviðið.“

– Pykja þá hjólaðarnar ekki þeim mun betri?

Brynjar: „Ja, þetta vekur athygli.“

– Þið eruð væntanlega öll að læra söng.

Þórunn: „Já, við erum öll að læra hjá Guðrúnu Jónsdóttur sópransöngkonu sem fer einmitt með hlutverk Maríu í Söngvaseiði. Við Dís erum búnar að vera að læra hjá henni mjög lengi. Ég held að það verði örugglega frekar skrítið að skipta um söngkennara.“

– Erúð þið langt komin í náminu?

Dís: „Við Þórunn erum að taka 6. stig í vor.“

Brynjar: „Ég tek fjórða.“

– Ætlið þið að halda áfram að læra að syngja?

– Brynjar: „Já, alveg örugglega, það er bara spurning hvar. Ég ætla að þreyta inntökuprófin í Söngskólanum.“

– Brynjar, nú þykir þú fara afar vel með sönginn í þínu hlutverki í sýningunni. Ég vona að þú takir þessu ekki illa, en ég hef heyrt að þú skerir þig nokkuð úr hópi annarra efnilegra söngvara fyrir þær sakir að þú sért ekki gæddur sönghæfileikum frá náttúrunnar hendi heldur hafir beinlínis lært sönginn frá grunni. Er eitthvað til í þessu?

„Ég held að það sé rétt. Allavega þegar ég byrjaði að syngja, þá hristi söngkennarinn höfuðið. Ég var mjög tónvilltur að minnsta kosti en það þjálfaðist. Enda segi ég að allir geti lært að syngja.“

– Að sama skapi hefur mér borist til eyrna að þú býir yfir mjög sérstæðum eiginlega, sem birtist í því að þó þú hafir ekki verið búinn að læra að syngja, þá hafir þú verið mjög ófheiminn við það og jafnvel mjög ófheiminn við að syngja falskt.

Brynjar: „Já, ég söng náttúrulega í Grease á sínum tíma alveg í bullandi mótum – en hvað gerir maður ekki fyrir frægðina?“

Þórunn: „Jú einmitt, við höfum leikið trúða og hvaðeina.“

Erum með leikrit ef þið viljið

– Þið hafið brallað ýmislegt og á fjölbreyttum sviðum.

Brynjar: „Við settum upp geysifrægan kabarett þegar við vorum í 1. bekk.“

– Út á hvað gekk hann?

Brynjar: „Við kölluðum þetta Söngleikjafötöfra.“

Dís: „Ingvar Alfredsson var með okkur í þessu og Ástrún Jakobsdóttir. Við völdum lög sem okkur þóttu skemmtileg, skiptum þeim á milli okkar og bjuggum til svolitinn söguþráð. Þetta var mjög skemmtilegt.“

Brynjar: „Þetta var mjög skemmtilegur tími.“

Dís: „Svo bjuggum við líka til leikrit fyrir 17. júní. Við vorum mjög dugleg í 1. bekk í Menntaskólanum.“

Þórunn: „Einmitt í því að vera að búa eitthvað til saman og svo bara komum við okkur á framfæri. Við komum einfaldlega og sögðum: Við erum með leikrit hérna ef þið viljið.“

Dís: „Við skemmtum hjá Oddfellow, Frímúrum og

fleirum.“

– Var nóg fyrir ykkur að gera?

Dís: „Já, alveg nóg.“

Brynjar: „Enda hefur þetta verið mjög skemmtilegur tími. Maður hefur komið ótrúlega víða við. Til dæmis höfum við leikið á Menningarnótt og í Ráðhúsinu í Reykjavík.“

Dís: „Við tókum líka þátt í Söngkeppni framhaldsskólaanna sem var algjört æði.“

Brynjar: „Þessi vika sem við tókum þátt í Söngkeppninni stendur alveg upp úr menntaskólaárunum.“

– Þetta þótti mjög vel gert. Að minnsta kosti höfðuð þið í þriðja sæti.

Brynjar: „Allt stússið í kringum þetta var líka mjög skemmtilegt.“

Þórunn: „Þetta er líka spurning um að ef þú hefur ánægju af því sem þú ert að gera uppi á sviði, þá sést það alveg. Margir voru svo stressaðir að þeir gátu varla andað og þá verður atriðið náttúrulega ljótt. Bara með því að brosa er hægt að gera svo margt.“

Fleiri tækifæri á Ísafirði en syðra

– Tókuð þið ekki líka þátt í

Morranum, atvinnuleikhúsi ungs fólks í Ísafjarðarbæ?

Dísa: „Jú, við vorum stofn-félagar þar. Tókum fyrst þátt í farand- og fjöllistahópnum sem breyttist svo í Morrann. Við vorum í því eins lengi og við gátum og alveg þangað til við vorum eiginlega rekin vegna aldurs.“

Pórunn: „Auðvitað eru það algjör forréttindi að fá að vinna við það sem maður hefur áhuga á.“

Brynnar: „Svo er það mjög þroskandi að vinna við leiklist og að koma fram. Við fengum líka mjög góðan leikstjóra.“

Pórunn: „Já, það var mjög gaman að fá Elfar Loga Hann-esson hingað.“

– En varla er það alltaf mjög þægilegt að standa í söng og leik? Eðli málsins samkvæmt er fólk mjög áberandi. Eins og þið segið, þá hafið þið þurft að trana ykkur fram.

Brynnar: „En við erum líka svo heppin að búa á svona litlum stað og getum þess vegna frekar komið okkur á framfæri. Við fáum fleiri tækifæri en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu.“

Pórunn: „Já, ég held að það sé alveg öruggt.“

Brynnar: „Að minnsta kosti er auðveldara að sækja sér tækifærin hérna en á höfuðborgarsvæðinu.“

Dísa: „Þetta tekur auðvitað frá manni kvöld og frídaga því ef maður er beðinn um að skemmta, þá er það einmitt á þeim tímum. En auðvitað fá- um við ánægjuna þar á móti sem vegur upp ókostina.“

Twix og Mix og matur Helgu í Botni

– Ég get ímyndað mér að það sé þægilegt að fara með ykkur á vídeóleiguna. Ég geri ekki ráð fyrir að þið séuð búin að horfa á allar nýustu spólur- nar.

Dísa: „Nei, maður er ekki sterkur í þeirri deild því svo er auðvitað skólinn líka.“

Pórunn: „Núna eftir Söngvaseið var allt orðið í rusli í skólanum. Tuttugu ritgerðir eftir og hlutaprófin fremur slök. Þá þarf maður að gefa í á því sviði til að útskrifast.“

Dísa: „En það er líka svo gaman þegar er nóg að gera.“

Brynnar: „Já, maður vinnur líka langbest þannig.“

– Þið búið yfir margs konar tónlistarhæfileikum og eruð nokkuð langt komnar í því námi, ekki satt?

Pórunn: „Ég er komin ágæt- lega langt í söngnum. Ég próf- aði fiðluna og lærði á hana í mörg ár þar til ég komst að því að hún átti engan veginn við mig – ég bara gat ekki lært að spila á fiðlu en virka ágæt- lega í hljómsveit. Svo hekk ég lært eitthvað á píanó en ekki helgað mig því heldur aðallega söngnum.“

Dísa: „Ég er búin að taka 6. stig á fiðlu og æfi núna með hljómsveit Tónlistarskóla Ísa- fjarðar og finnst það alveg nóg. Ég er búinn með 7. stigið á píanó og vonast til að halda áfram að læra – þó að ég verði ekki píanóleikari. En ég er líka

að kenna á píanó á Flateyri og það er rosalega gaman.“

– Ertu með marga nemend- ur?

„Ég er að kenna sex litlum stelpum sem eru æðislega skemmtilegar. En söngurinn er aðalviðfangsefnið hjá mér núna.“

Pórunn: „Dísa hefur einmitt ofan á allt verið að kenna. Í vetur höfum við verið í skólan- um og í tónlistarskólanum og líka að vinna. Og svo hafa verið þessar leikæfingar frá fimm á daginn og fram á kvöld.“

Dísa: „Svo hefur líka ýmis- legt verið að gerast í bænum. Sólrishátíðin kom þarna inn í og þannig hefur ýmislegt gengið á.“

– Eruð þið þá á einhverju sérstöku mataræði eða hvernig komist þið eiginlega yfir þetta allt?

Pórunn: „Aðallega hefur það verið Mix og Twix.“

Dísa: „Og mótuneytið í skólanum í hádeginu.“

Pórunn: „Og maturinn hennar Helgu í Botni í Súg- andafirði sem hefur bjargað ýmsu. Hún mætti á Söngva- seiðsæfingar vel nestuð af bæði þjóðlegum og framandi mat sem hún hefur fætt sína fjölskyldu á og marga fleiri.“

Legið í hláturs- kast í æfingum

Brynnar: „Mig langar að minnast á það líka að við feng- um tækifæri til að leikstýra í félagsmiðstöðinni hér á Ísa- firði þegar við vorum í 2. bekk. Þá vorum við með 37 krakka og settum upp Gauragang eftir Ólaf Hauk Símonarson.“

Pórunn: „Við vorum fjögur sem unnum við þetta. Og sem betur fer skall á kennaraverk- fall því annars hefðum við al- dreí getað klárað þetta.“

Brynnar: „Við vorum gjör- samlega dag og nótt í skólan- um. Í kjölfar þess höfum við Pórunn verið að vinna í félags- miðstöðinni núna í tvo vetur.“

– Þið virðist öll hafa mikla ánægju af því að vinna með öðru fólki og búa eitthvað til, sama hvort þá eru unglingar- nir í félagsmiðstöðinni eða þið saman.

Dísa: „Það gefur manni svo mikið, maður getur ekki setið einn heima hjá sér og gert ekki neitt.“

Pórunn: Svo er það líka af- skaplega skemmtilegt. Þegar við erum að æfa saman, þá er legið í hláturskasti heilu og hálfu kvöldin. Svo förum við og skemmtum og kannski finnst engum atriðið fyndið nema okkur. En maður heldur alltaf áfram.“

Dísa: „Nei, maður getur ekki hætt þessu.“

– Þýðir heldur nokkuð fyrir skemmtikrafta að hafa of miklar áhyggjur af því sem öðrum finnst? Brenna þeir þá ekki bara út?

Dísa: „Nei, einmitt, þá get- urðu ekkert gert og þá hefurðu enga ánægju af því sem þú ert að gera vegna þess að þú ert alltaf svo stressaður.“

Pórunn: „Auðvitað eru líka alltaf einhverjir óánægðir.“

Þarf ekki að vera lögfræðingur 22ja ára

– Nú er komið að ákveðnum tímamótum hjá ykkur og farið að stytast í hvítu kollana.

Brynnar: „Þessu fylgja bæði gleði og tár. Þegar maður gekk út úr skólanum síðasta kenn- sludaginn, þá fylgdi því mikill söknuður, að minnsta kosti hjá mér. Ég á eftir að sakna MÍ mikið.“

Pórunn: „Þetta verður bæði gaman og erfitt eins og t.d. að flytja að heiman frá Ísafirði, maður hefur alltaf verið hérna.“

Dísa: „Þetta hafa verið mjög skemmtileg ár.“

Brynnar: „Það segi ég líka. Þessi síðustu fjögur ár hafa verið þau skemmtilegustu á ævi minni.“

Pórunn: „Þess vegna skil ég ekki að fólk vilji stytta fram- haldsskólann. Af hverju að flýta sér að læra svona ótrúlega mikið? Af hverju ekki frekar að geta notið lífsins og lært í leiðinni? Maður þarf ekki að vera orðinn lögfræðingur 22ja ára.“

Brynnar: „Ég held að maður horfi fram á erfiða en spenn- andi tíma. Það er náttúrliga erfitt að flytja heiman frá mömmu og þurfa að borga reikninga og elda.“

Pórunn: „Eða læra að elda!“ Dísa: „Ég er strax farin að hlakka til að koma í tíu ára stúdentsafmælið.“

Hvað gerir maður ekki?

– Eruð þið búin að ákveða hvað þið ætlið að gera næst?

Pórunn: „Við Dísa ætlum í Listaháskólann í þriggja ára söngnám.“

Brynnar: „Ég er að velta fyrir mér að taka frí frá skólanum í eitt ár áður en ég fer í lögfræði í Háskólanum í Reykjavík.“

Dísa: „Lögfræði – í alvör- unni?“

Brynnar: „Lögfræði eða við- skiptafræði í Háskólanum í Reykjavík.“

– Eruð þið þá búin að finna ykkar endanlegu braut í lífinu?

Pórunn: „Neinei, fyrst ætl- um við að læra og svo förum við í steppdans.“

Dísa: „Og afríska dansa.“

Pórunn: „Aðalatriðið er bara að hafa nóg að gera.“

Brynnar: „Eftir fimm ár get- um við svo haldið allsherjar listahátíð þar sem við gerum allt sjálf – við þrjú.“

Dísa: „Maður veit aldrei hvað tekur við.“

Pórunn: „Maður er búinn að tala svo lengi um allt sem á að gera þegar maður flytji suð- ur. Svo er ekkert að vita hvað verður úr því. Ætli maður verði ekki bara heima að elda og borga reikninga.“

Dísa: „Allavega eru næstu þrjú árin hjá okkur í Listahá- skólanum.“

Pórunn: „Svo gæti maður nú alveg séð það fyrir sér að koma hingað aftur. Ég myndi til dæmis vilja að börnin mín fengju að alast upp hér.“

Dísa: „Já, ég líka.“ Brynnar: „Ég segi að það sé

Grunnskólinn í Bolungarvík

Yfir landsmeðaltali í flestum greinum

Grunnskólinn í Bolungar- vík var yfir landsmeðaltali í fimm greinum af sex á sam- ræmdum könnunarprófum í 10. bekk. Einungis í náttúru- fræði voru nemendur skól- ans lítillaga undir landsmeð- altali, að sögn Önnu Ed- vardsdóttur skólustjóra. Anna segir skólann vera tals- vert yfir meðaltali Norðvest- urkjördæmis í öllum grein- um.

„Við erum allt upp undir einum og tveimur yfir með- altali kjördæmisins. Miðað

við landsmeðaltal stóðu krakkarnir okkar sig best í dönsku en þar fengum við einkunina 6 en meðaltalið er 5“, segir Anna.

Grunnskólinn í Bolungar- vík hefur oft getað státað af góðri útkomu í samræmdum prófum. „Við höfum yfirleitt verið frekar há og yfir lands- meðaltali. Þetta stafar af ákveðnum stöðugleika í skóla- starfinu. Við erum með trausta kennara á unglingastigi sem hafa verið að kenna sínar greinar í mörg ár.“

Á þremur prófum af sex féll enginn nemandi í Bol- ungurvík. Anna segir fall hafa verið afar lítið í hinum prófunum eða í hæsta lagi einn til tveir nemendur á hverju þeirra. „Við setjum okkur það markmið að eng- inn falli og skólinn sé vel yfir landsmeðaltali á sam- ræmdu prófunum. Útkoman sveiflast alltaf eitthvað en þetta voru kraftmiklir krakk- ar í ár“, sagði Anna Edvards- dóttir.

kristinn@bb.is



Frá vegaframkvæmdum í Skötufirði.

Vegaframkvæmdir í Skötufirði í Ísafjarðardjúpi

Styttist í þýðari akst- ur á nýja veginum

Margir vegfarendur hafa lýst yfir óánægju sinni með afar slæm akstursskilyrði á veginum um Skötufjörð í Ísafjarðardjúpi þar sem Kubbur ehf. vinnur að um- fangsmiklum vegafra- kvæmdum. Guðmundur Rafn Kristjánsson hjá Vega- gerðinni á Ísafirði segir að senn verði það versta yfir- staðið. „Til stendur að leggja á klæðningu í þessari viku og þá er tími þessa grófa vegar að mestu búinn. Hins vegar má búast við nokkru steinkasti meðan klæðningin

er að þjappast niður“, segir Guðmundur.

Einhverjum vegfarendum hafa þótt heldur stórir kaflar vera lagðir undir vegafra- kvæmdirnar á hverjum tíma. Guðmundur segir að kallaður sé til sérstakur klæðningar- flokkur frá Borgarnesi sem komi einungis eina ferð til Vestfjarða. „Við getum ekki kallað klæðningarflokk hing- að oft. Þeir koma hingað og leggja fyrri klæðninguna á Skötufjörðinn. Síðan vinna þeir verk víðsvegar um svæð- ið og leggja seinna lagið á í

bakaleiðinni. Fyrri lagið þarf að fá tíma til að troðast niður í millitíðinni.“

Vegaframkvæmdirnar í Skötufirði eru að sögn Guð- mundur heldur fyrr á ferð- inni en gert var ráð fyrir. „Þannig komumst við hjá mestu umferðinni þótt hún sé auðvitað talsverð nú. Ef menn fara rólega, þá á þetta að vera allt í lagi. Þetta eru smákaflar þar sem vegurinn er grófastur“, sagði Guð- mundur Rafn Kristjánsson í samtali við blaðið.

kristinn@bb.is

kostur að búa úti á landi þó að maður hafi ekki sjö bíó og þrjú leikhús.“

Pórunn: „Og keiluhöll.“

Brynnar: „Stundum spyr fólk: Hvað gerið þið þarna? En spurningin er frekar: Hvað gerir maður ekki?“ segir Bryn- jar. Auðheyrir er á þremenn- ingunum að þau er bæði hreyk- in af því að vera fædd og upp- alin úti á landi og ánægð með þau tækifæri sem það hefur

veitt þeim.

Vafalítið eiga þau eftir að njóta lífsins á námsárunum í Reykjavík og finna kröftum sínum viðnám víða í því um- hverfi. Enda skiptir búseta varla miklu máli þegar um duglegt og jákvætt fólk er að ræða sem lítur á það sem sitt hlutverk að koma auga á tæk- ifærin og marka kröftunum far- vel. Þegar slíkur viðhorfum er fylgt eftir af krafti skiptir

varla máli hvort þú býrð á Vestfjörðum, á höfuðborgar- svæðinu eða einhvers staðar allt annars staðar.

– Kristinn Hermannsson.

Eins og þetta viðtal ber með sér þá var það tekið áður en farið í leikferðina til Reykja- víkur og áður en stúdentar voru brautskráðir frá Mennta- skólanum á Ísafirði.

Magnús Freyr Sveinbjörnsson frá Ísafirði andaðist á sjúkrahúsi syðra 2. júní á síðasta ári af völdum líkamsárásar sem hann varð fyrir í Hafnarstræti í Reykjavík rúmri viku fyrr. Þá var hann tuttugu og tveggja ára gamall. Réttu ári síðar, 2. júní 2003, hittum við foreldra hans á heimili þeirra á Ísafirði, þau Þorbjörgu Finnbogadóttur og Sveinbjörn Magnússon. Premur dögum áður hafði dómur fallið í Héraðsdómi Reykjavíkur yfir banamönnum

Magnúsar. Annar hlaut tveggja ára en hinn þriggja ára fangelsi. Sá sem þyngri dóminn hlaut var jafnframt dæmdur fyrir tvær aðrar líkamsárásir sem hann hafði framið. Niðurstaðan varð því sú, að ógæfumennirnir fengu hvor um sig tveggja ára dóm fyrir að verða Magnúsi Frey að bana. Árásin var tilefnislaus og sérlega hrottafengin eins og meðal annars kom fram í eftirlitsmyndavélum lögregluunnar.

Þegar tilveran hrygnur

– rætt við foreldra Magnúsar Freys Sveinbjörnssonar, sem lést af völdum líkamsárásar í Reykjavík fyrir einu ári

Dómur þessi hefur vakið miklar umræður og verið borinn saman við aðra dóma í manndrápsmálum sem og dóma fyrir brot í öðrum málaflokkum. Þannig lítur dómvaldið á það sem langtum alvarlegra mál að flytja fíkniefni milli staða en verða manni að bana, að minnsta kosti ef marka má dóminn yfir banamönnum Magnúsar Freys.

2. júní 2003. Eitt ár liðið frá andláti Magnúsar Freys. Í dag fór fjölskylda hans að leiðinu í kirkjugarði Ísfirðinga. Íkvöld leggur frystitogarinn Júlíus Geirmundsson ÍS úr höfn á Ísafirði. Sjómannadagurinn er að baki. Meðal skipverja verður Sveinbjörn faðir Magnúsar. Þeir feðgar voru samskipa á Júlílanum í nokkur ár eða frá því í mars 1999, mánuðinum þegar Magnús varð níttján ára.

Söknuður, biturleiki, þakklæti

Einkum þrennt virðist foreldrum unga mannsins efst í huga: Söknuður, biturleiki og þakklæti. Þau eiga vart orð til að tjá þakklæti sitt í garð allra sem hafa hjálpað þeim og stutt þau í erfiðleikum. „Eins og þegar erfisdrykkjan var. Konurnar í bænum tóku sig saman til að halda erfisdrykkjun“, segir Þorbjörg. „Vinkona mín leitaði til kvenna hér í bænum, þar á meðal eru ýmsar sem ég þekki lítið, og þær bökuðu og sáu um allt.“

„Það voru allir tilbúnir að gera allt fyrir okkur. Við komum bara vestur og var sagt að hafa ekki áhyggjur af þessu og ekki af hinu. Það var tekið á móti okkur þegar við komum heim með allri þeirri hlýju sem hægt er að sýna. Samfélagið hér hefur fylgst með okkur og stutt okkur alla tíð og við getum aldrei fullþakkað það allt. Vinir okkar og líka þeir sem við þekkjum minna hafa reynst okkur alveg óskaplega vel“, segir Sveinbjörn.

Hæst ber þó þakklætið í garð áhafnarinnar á Júlíusi Geirmundssyni. „Skipstjórnirnar báðir á Júlíusi hafa komið ákaflega vel fram við okkur, fylgst með hvernig okkur liði og viljað allt fyrir okkur gera.

Reyndar höfum við alls staðar fundið mikla hlýju. Alveg sama hvar.“

Ög þeim Þorbjörgu og Sveinbirni ber saman um að þau hefðu ekki viljað eiga heima í Reykjavík við þessar aðstæður. Þessir minni staðir eru allt öðruvísi. „Það hjálpast allir að.“

Tilfinningarnar deyfast ekki

Um söknuðinn þarf væntanlega ekki að fjölyrða. En svo er biturleikinn. Þegar þetta tvennt fer saman og grefur um sig í sálinni er fólk brotið. Ekki eins og það var. Ekki eins og það á að sér að vera. „Kannski deyfist þetta með tímanum. Ég veit það ekki. Ég hef ekki fundið tilfinningarnar deyfast neitt enn“, segir Sveinbjörn.

Magnús Freyr Sveinbjörnsson var elstur af fjórum systkinum. Elst er Laufey Annika, sem er tvítug, og svo eru þeir Stefán Rey, 14 ára, og Fannar Halldór, 10 ára. Fjölskyldan er flutt á annan stað í bænum, neðan af Eyri og upp í hlið. Beinlínis vegna þessa atburðar.

„Þessi tími er búinn að vera í einu orði sagt skelfilegur. Það hrundi allt í kringum okkur. Andlega vanlíðanin hefur verið yfirþyrmandi. Allt sem viðkemur minningum. Við skiptum um húsnæði vegna þess að við gátum ekki verið þar áfram vegna minninganna. Hérna eru ekki sömu minningarnar og þar sem við áttum heima. En okkur er ekki farið að líða betur. Okkur er bara farið að líða öðruvísi. Það eru ýmist slæmir dagar eða mjög slæmir dagar. Það hefur enginn góður dagur komið enn.“

Ægileg skilaboð út í samfélagið

Dómurinn yfir banamönnum Magnúsar Freys berst í tal. Þá kemur biturleikinn fram. „Þessi dómur er ömurlegur. Ef við skoðum dóma í hliðstæðum málum, þá virðast þeir hafa verið talsvert harðari en þessi. Þetta eru ægileg

skilaboð út í samfélagið. Ef mannslíf er ekki meira metið en þetta, þá spyr maður sjálfan sig einfaldlega: Hvað má og hvað má ekki? Það hafa fallið þyngri dómur fyrir einfaldar líkamsárásir. Það vantaði ekki sönnunargögnin fyrir því að þessir menn urðu Magnúsi Frey að bana. Það vantar bara skýringar á því hvers vegna dómurinn var ekki harðari en þetta.“

Hitt er svo annað mál, að allar líkur eru á því að dómnum verði áfrýjað til Hæstaréttar.

„Ög við trúum því að þeir fái makleg málagjöld. Við óskum þess að að þeir fái réttmætan dóm fyrir að valda dauða drengsins okkar. Samkvæmt þessum dómi núna eru þessir menn aftur á móti sigurvegarar. Það ber öllum samman um það. Hvoru megin standa dómarnir? Samkvæmt hverju eru þeir að dæma? En hver sem endanlegur dómur verður, þá verður maður auðvitað aldrei sáttur. Aldrei“, segir Sveinbjörn.

Þorbjörg: „Ég fann sömu tilfinninguna þegar ég heyrði dóminn á föstudaginn og þegar Magnús var að berjast fyrir lífi sínu á sjúkrahúsinu.“

Sveinbjörn: Þessi dómur brýtur okkur niður á nýjan leik. Maður finnur sömu tilfinningarnar. Maður er kominn aftur á byrjunarreit.“

Sveinbirni liggja ekki vel orð til „kerfisins“, burtséð frá sjálfum dómnum. „Öll þessi formsatriði og öll þessi pappírsvinna þegar svona gerist. Maður á bara að mæta og ganga frá málum, alveg sama í hvaða ástandi maður er. Það vantar einhverja leiðsögn fyrir fólk sem lendir í svona. Það er enginn sem segir manni hver réttur manns er eða hvað maður á að gera. Maður hugsar ekki rökrétt eftir svona atburði. Einbeitingin og hugurinn er alls ekki í lagi. Svona lagað gerir málið ennþá verr.“

„Svenni sjó“

Þorbjörg er frá Seyðisfirði en Sveinbjörn er Ísfirðingur í húð og hár. Sjómaður í húð og hár. Það þekkir mig enginn undir fullu nafni. Það þekkir



mig enginn undir öðru nafni en Svenni sjó.“

Magnús Freyr fetaði í spor föður síns. Var búinn að vera á Júlílanum í meira en þrjú ár og bjó í sinni eigin íbúð á Ísafirði. „Hann kom yfirleitt í kaffi til okkar tvisvar eða þrisvar á dag þegar hann var í landi“, segir Þorbjörg.

„Við spjölluðum mikið saman um borð“, segir Sveinbjörn. „Hann vildi sýna að hann væri enginn eftirbátur pabba síns og hafði gaman að láta það koma fram. Hann var stundum að segja í gríni við strákana og mig: Ég var nú fljótari en kallinn núna! Ég sagði að það væri bara eðli-

legt.“

Magnús Freyr

– Hvernig var Magnús Freyr?

„Hann var óskaplega lífs-glaður og kátur“, segja þau bæði, „sibrosandi og góður við systkini sín, góður við alla.

Hann var vel liðinn og vinmargur og þekkti fólk um allt land. Hann var búinn að vera á Egilsstöðum í skóla og niðri á Seyðisfirði hjá ömmu sinni. Einstaklega smekklegur í öllu sem hann gerði og öllu sem hann valdi sér. Hann beið oft með að kaupa sér eitthvert dót til þess að geta frekar keypt

eitthvað betra og dýrara seinna. Þegar hann var að spá í að gera eitthvað, þá kom hann alltaf til okkar og var að spekúlera hvað væri rétt að gera. Hann hlustaði alltaf á okkur. Það eru kannski ekki margir svona ungir sem hafa þann kost að geta hlustað og þegið góð ráð og farið eftir þeim.“

Sveinbjörn: „Hann var alltaf hress og kátur. Einu sinni hitti séra Magnús Erlingsson hann niðri í Samkaupum og hann var að fara á sjóinn. Það var vetur og kalt úti og hann var bara á hvítum bol í kuldanum. Séra Magnús spurði hvort honum væri ekki kalt. Nei, hann bara hló og sagði að sér



væri aldrei kalt.“

Þorbjörg: „Það var geislandi orka í kringum hann.“

Sveinbjörn: „Hann var mjög ábyggilegur og hafði fyllsta traust í bönkum. Þar þurfti hann enga ábyrgðarmenn.“

Hringingar að sunnan

– Hvernig fréttuð þið af ársinni á son ykkar?

„Það var hringt í okkur þegar hann var kominn á sjúkrahúsið, klukkutíma eftir að þetta skeði, eldsnemma að morgni“, segir Þorbjörg.

Sveinbjörn: „Það var rannsóknarlögreglumaður sem hringdi og sagði að Magnús Freyr hefði orðið fyrir árás og væri mjög illa haldinn. Hann spurði hvort við hefðum tök á því að koma suður, þetta væri það alvarlegt. Ég missti þráðinn og var ekki alveg tilbúinn að skilja það sem hann var að segja. Svo er ég rétt búinn að sleppa símanum þegar Aron Björnsson heila- og tauga-skurðlæknir hringir og spyr hvort Magnús Freyr eigi einhverja ættingja fyrir sunnan. Já, segi ég, en um hvað ertu að tala?

Læknirinn sagði þá að drengurinn okkar væri það alvarlega slasaður að hann ef aðist um að hann hefði daginn af. Ég segi þá að best sé að við komum suður strax. Við settum allt í gang og komum strákunum fyrir og fórum með vélinni klukkan hálfellefu um morguninn og beint á sjúkrahúsið. Aron læknir tók á móti okkur og var mjög svartsýnn og sagði að þetta gæti brugðið til beggja vona. Magnús hefði fengið mikla heilablæðingu og læknirinn sagðist vera hræddur um bólgan í heilanum gæti

farið af stað og þá væri þetta búið.“

Vildi aldrei gefast upp

„En það gerðist ekki þann dag og allt var í sama horfinu. Dagarnir liðu og voru allir svipaðir. Svo var hringt að morgni laugardags og sagt að þetta líti ekki vel út. Við fórum strax upp á spítala en þá jafnaði hann sig svolítið aftur en hjartslátturinn var orðinn hægarari og óreglulegur sem var merki um að nú gæti verið voðinn vís. Við fórum svo aftur því að okkur var sagt að best væri fyrir okkur að vera eins mikið úti og við gætum í stað þess að hanga inni. En við trúðum því aldrei að hann myndi fara.

Svo fengum við að vita það daginn áður en hann dó, að ef hann vaknaði á annað borð, þá yrði hann aldrei heill aftur. Þá tók hjartað kipp. Við vissum að hann hefði sjálfur aldrei viljað lifa þannig lífi að hafa kannski meðvitund en geta aldrei gert neitt sjálfur. Hann var ekki þannig. Við vorum að hugsa um þetta allan þennan dag.

Á sunnudagsmorguninn rúmri viku eftir árásina er hringt og við beðin að koma strax. Við rétt náðum til hans áður en hann kvaddi þennan heim. Aron læknir sagði okkur að bjúgurinn í heilanum hefði farið af stað eins og hann hafði verið hræddur við.“

– Hann hefur aldrei vitað af sér þessa viku sem hann lá fyrir dauðanum?

„Nei. Hann vissi aldrei neitt. Við sáum það fyrst við kistu-lagninguna hvað höfuðið á honum var illa farið. Læknir-

inn sagði að hann hefði í rauninni ekki átt að geta lifað af fyrsta daginn. En hann var þrekskrokkur og stæltur og viljasterkur. Þeir sögðu að hann hefði lifað svona lengi á þeirri geysilegu orku sem í honum bjó. Þetta var alveg eins og þegar hann lifði. Hann gafst aldrei upp, alveg sama hvað hann var að gera.“

Í landi í hált ár

Sveinbjörn var hált ár frá vinnu eftir þennan atburð. Fjárhagurinn fór illa eins og vænta má. „Það er nú eitt að fjárhagurinn hrynur. Það tekur nokkur ár að vinna sig út úr því. En ég er staðráðinn í því að gera það þó að oft komi þungar hugsanir. Þær koma oftast en ekki á kvöldin. Maður reynir þá kannski að labba út en þú losnar ekki við þær.“

– Varstu óvinnufær þessa sex mánuði?

„Ég hefði kannski sjálfur getað flúið í einhvern félagskap úti á sjó. En þá hefði ég skilið fjölskylduna eftir í sár-um. Og ég fann að ég var ekki tilbúinn til þess. Ég varð að halda utan um fjölskylduna ef ég ætlaðist á annað borð til þess að við héldum áfram að búa saman. Ég varð að gefa okkur öllum tíma til að átta okkur á hlutunum. Það tekur tíma að átta sig á raunveruleika af þessu tagi.“

En svo kom að því að Svenni sjó fór aftur á Júlíus Geirmundsson. Það var erfitt. „Mig langaði sannarlega ekki til þess en mér fannst ég vera orðinn tilbúinn að fara aftur um borð til að afla okkur viðurværis. Það er svo skritið, að eftir að ég fór aftur um borð,

þá kom iðulega fyrir að ég var að leita að Magnúsi og fór í gamla klefann hans. Það var ekki fyrir en ég var kominn inn í klefann að ég áttaði mig á því að hann var ekki lengur um borð.“

Gæti ekki farið á annað skip

„Það er mynd af honum í borðsalnum á Júlíusi. En fyrir utan myndina sá ég hann fyrir mér alls staðar. Allan þennan fyrsta róður var eins og ég væri að berjast við þetta. Mér fannst hann vera þarna. Alveg sama hvar ég var, hvort sem var í borðsalnum eða í koju eða í vinnslunni. Mér fannst ég þó frekar gleyma því þegar mikið var að gera. En undir-meðvitundin var alltaf sú sama. Og þó að túramir um borð verði fleiri og fleiri, þá er þetta ennþá. Klefinn hans. Ég fer bara þangað. Ég finn miklu meira fyrir honum um borð en hérna heima. Það er allt öðruvísi tenging um borð.“

– En skyldi Svenni sjó hafa hugleitt það að hætta á sjónum eða fara frekar á annað skip?

„Jú, ég hugsa það oft hvort sjómannslíf mitt sé að verða búið. En ég þráast við. Ég hef ekki hugsað mér að gefast upp. Við stöndum þétt saman og viljum gera það sem við getum. Ég hef ekki neitt afráðið að hætta en ég hef spáð í það. En ég kvíði alltaf fyrir að fara út. Ég er að fara út í kvöld. Held að fara á annað skip? Ég held að það sé ekki lausnin. Þarna á ég mjög góða vini. Ég held að ég gæti aldrei farið á annað skip.“

Faðmlag í eldhúsinu

Þorbjörg minnst þess þegar Sveinbjörn var að fara út í fyrsta túrinn á Júlíusi á ný fyrir hálfu ári. „Það var undarleg tilfinning sem ég fann þá. Magnús var svo oft hjá mér í eldhúsinu heima áður en hann fór út og fékk sér kaffisopa. Í þetta skipti fann ég að hann var þarna. Ég trúði að minnsta kosti að þetta hafi verið hann. Ég fann að hann tók utan um mig einmitt þegar skipið var að sigla út og Sveinbjörn var að fara í fyrsta túrinn.“

Sveinbjörn: „Það er svo margt í þessu lífi sem við getum svo lítið útskýrt. Það er eitt sem situr sérstaklega í mér, að þegar hann fór suður á föstudeginum fyrir þennan skelfilega atburð, þá blikkaði hann mig eins og hann gerði alltaf en tók svo fast í höndina á mér, mjög fast, og sagði: Við sjáumst, gamli!“

Og foreldrarnir rifja upp gamlar minningar frá því þegar Magnús Freyr var lítill drengur. Það er svo margt sem vekur minningarnar. Jafnvel að sjá stráka á svipum aldri á förnun vegi. „Af hverju var ég eiginlega að neita honum um þetta, hugsa ég. Það eru stundum erfiðar tilfinningar núna að hugsa til þess að hafa verið að neita honum um einhverja hluti“, segir Sveinbjörn. „En svo voru líka prakkarstrik-in hans. Maður reynir að hlæja að þeim.“

Stefna í lífinu

Fjölskyldunni finnst erfitt að fara inn í kirkjugarð að vitja leiðisins. „Það finnst líka á systkinum hans að þau eru ekki söm og áður“, segir Sveinbjörn. „Sérstaklega eiga strákarnir erfitt með að koma

að leiðinu hans. Þeir geta ekki horft á nafnið hans þar.“

Sveinbjörn segir að stundum sé sagt að atburður af þessu tagi þjappi fjölskyldunni saman og geri alla sterkari. „Það gerðist ekki hjá okkur. Það er hætta á að fólk gefist hreinlega upp og segi: Þetta er meira en ég þoli. Konan fékk taugaáfall, hrundi hreinlega. Þær hugsanir hvörfuðu að mér hvort ég ætti ekki að yfirgefa þennan heim. Þegar maður hugsar þannig, þá er maður kominn á hættulega braut. Ég verð aldrei sami maður og ég var. En það skiptir miklu að ræða þessi mál opin-skátt. Ég er ánægður með að gera talað um þetta og sagt þessa hörmungarsögu.

Fólk verður að taka ákvörðun um stefnu í lífinu, hvort það ætlar að halda áfram eða gefast upp. Við völdum að halda áfram og gera það sem við gátum til að halda lífinu áfram. En það hefur verið alveg ofboðslega erfitt. Með því að segja sögu okkar viljum við að fólk sem hefur ekki gengið í gegnum svona lífs-reynslu fái aðeins að vita hvað þetta er.

Við höfum hitt fólk sem hefur misst börn. Það segja allir: Barnið manns eldist aldrei. Það er alltaf eins. Núna á Magnús frátekna hjá okkur tvo daga á ári. Annars vegar dánardaginn. Þá komum við fjölskyldan saman og minnumst hans. Við erum búin að fara inn að leiði í dag og kveikja á kerti. Og svo er afmælisdagurinn 2. mars. Við héldum upp á hann í vetur. Það verður örugglega gert í framtíðinni að minnast hans sérstaklega þessa tvo daga á ári.“

hlýnur@bb.is

Sóttmengað sorp frá rannsóknarstofum stóð á bílaplani yfir nótt

Flutningabífi frá Íslenska gámafélaginu, sem að sögn Víðis Ólafssonar, forstöðumanns sorpbrennslustöðvarinnar Funa á Ísafirði, innihélt sóttmengaðan úrgang, stóð á bílplani við Hótel Ísafjörð að faranótt föstudags og fram eftir morgni. Ekki var hægt að loka bílnum alveg að aftan og urðu vegfarendur varir við atgang hrafna í kringum bílinn. Lögregla var kvædd til og rannsakaði málið. Víðir segir að umræddur bíll hafi einu sinni áður komið með sóttmengaðan úrgang til eyðingar og þá hafi verið gerðar athugasemdir við notkun hans í þessu skyni.

„Í bílnum voru sprautunálar og fleira. Við getum náttúrliga ekki tekið ábyrgð á flutningnum en það eru ákveðnar reglur sem gilda þar um og opinberir aðilar hafa eftirlit með að þeim sé framfylgt. Auðvitað viljum við fá þetta beint hingað inn en ekki láta það standa í miðbænum yfir nótt. Næsti farmur sem kemur verður meðhöndlaður öðruvísi. Þetta er óþægileg áminning“, sagði Víðir.

Jón Fransson, fram-

kvæmdastjóri Íslenska gámafélagsins, sagði að ekki hafi verið um sjúkrahússorp að ræða heldur komi það frá rannsóknarstofum. „Hér er ekki um blóð eða líffæri að ræða. Auðvitað á ekki að gera þetta svona en það vantaði hlera aftan á bílinn og bílstjórinn var seinn fyrir þannig að hann gat ekki skilað af sér sorpinu á fimmtudag. En bíllinn verður lagaður um leið og hann kemur suður“, segir Jón.

Óhug vakti að hrafnar kynnu að hafa rótað í sorpinu og þannig breitt út sóttmengun en Jón segir að það hafi ekki getað gerst. „Það sem er inni í bílnum er margpakkað. Það eru 0,20 mm plastpokar utan um þá poka sem sorpið er í og að auki í glærum pokum þar inni í“, sagði Jón.

Íslenska gámafélagið er ekki með tilskilin leyfi til að flytja sóttmengaðan úrgang, að sögn Lúðvíks Gústafssonar, deildarstjóra mengunarverndar hjá Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur.

„Þeir verða krafðir um að sækja um leyfi. Það er alveg á hreinu að flutningur úrgangs



Bíllinn frá Íslenska gámafélaginu þar sem hann stóð á bílplani í miðbæ Ísafjarðar á föstudagsmorgun.

er starfsleyfisskyldur og þeir hefðu átt að sækja um það áður en þeir hófu þessa starfsemi“, segir Lúðvík.

Að sögn Lúðvíks hefur lítið reynt á sektarákvæði í lögum

vegna mála af þessu tagi. „Almennt í þessum umhverfismálum kemur meðferð kærumála til kasta lögreglu.“

Aðspurður segir Lúðvík ekki vita hvort stofnunin geti

neitað Íslenska gámafélaginu um starfsleyfi vegna þessa atviks. „Við viljum frekar leysa þetta með því að koma starfsemiinni í löglegt horf og koma í veg fyrir að þetta gerist

aftur, í stað þess að fara með málið beint í hart. Við gætum meðalhófs í samræmi við þær reglur sem gilda um stjórnsýsluna“, sagði Lúðvík.

kristinn@bb.is

Gleðilegir endurfundir hjá árgangi 1977 á Ísafirði

Slegið upp veislu í Pálshúsi í Hnífsdal

Nemendur úr Grunnskólunum á Ísafirði fæddir árið 1977 komu saman í liðna helgi en um þetta leyti eru 10 ár frá því að hópurinn útskrifaðist. Mannskapurinn hittist í Tjörhúsinu á Ísafirði á föstudagskvöld en þar var grillað og hlýtt á vinsæla tónlist frá fyrri hluta tíunda áratugar nýliðinnar aldar. Um hádegisbil á laugardag voru sundtökin rifjuð upp í sundlauginni á Suðureyri en að því loknu settist hópurinn niður í Sjallanum á Ísafirði þar sem horft var á landsleik Íslands og Færeyja.

Árgangurinn efndi til

veislu um kvöldið í Pálshúsi í Hnífsdal. Þaðan var genginn stuttur spölur niður Heima-bæjarbrekkuna á fjölsóttan dansleik hljómsveitarinnar Í svörtum fötum í Félagsheimilinu.

Þótti mótið takast hið besta og var bundið fastmælum að koma árganginum saman á ný að fimm árum liðnum. Þegar flest var komu liðlega tuttugu manns til leiks af 58. Voru aðstandendur endurfundanna býsna sáttir við mætinguna en til þessa fagnaðar var efnt með fremur skömmum fyrirvara og margir eru brottfluttir.

halfdan@bb.is



Hópurinn samankominn í Pálshúsi í Hnífsdal.

Hafsteinn Michael sýnir í Slunkaríki

Stórt málverk af íslensku forsetahjónunum prýðir Gallerí Slunkaríki á Ísafirði á sýningu Hafsteins Michaels Guðmundssonar sem opnuð var á laugardag. Listamaðurinn segir það meðal annars hafa vakað fyrir sér við val á myndefni, að forsetinn fengi að prýða galleríið á þjóðhátíðardaginn. Aðalefni sýningarinnar er myndaröð sem listamaðurinn nefnir Þjóðlegan þrileik en myndin Forseti Íslands og frú er eins konar hápunktur hennar. Opnunargestir skemmtu sér vel við að rýna í tákn listamannsins og vildu sumir jafnvel yfirfæra þau á ríkjandi



Hafsteinn Michael og eiginkona hans Ragnheiður. Stjórn málaástand á Íslandi. Hafsteinn Michael er af yngri kynslóð íslenskra listamanna en hann lauk námi frá Myndlista- og handiðaskóla Íslands vorið 1999. Sýningin stendur til 29. júní og er opin milli kl. 16 og 18 frá fimmtudegi til sunnudags í viku hverri. – kristinn@bb.is

Golfklúbbur Ísafjarðar sigraði á vináttumóti

Golfklúbbur Ísafjarðar sigraði bæði með og án forgjafar á vináttumóti klubbanna á Ísafirði og Patreksfirði sem haldið var á Tungudalsvelli við Ísafjörð á laugardag. Miðað var við skor tíu bestu í hvorum klúbbi. Keppendur voru 34. Án forgjafar lék GÍ á 844 höggum en GP á 919 höggum. Með forgjöf lék GÍ á 681 höggi en GP á 766 höggum. Besta skor án forgjafar eða 79 högg áttu Haukur Eiríksson (GÍ) og Gylfi Sigurðsson (GÍ). Besta skor með forgjöf átti Tryggvi Sigtryggsson (GÍ). Náðarverðlaun á 6. braut fékk Tryggvi Sigtryggsson. – halfdan@bb.is

Mannlíf á Vestfjörðum var í fararbroddi almenningar þróunar á Íslandi

– fimm ára rannsóknaverkefni um Vestfirði á miðöldum hleypst af stokkunum

Ráðstefna undir heitinu Vestfirðir, aflstöð íslenskrar sögu, verður haldin í húskynnum Menntaskólans á Ísafirði um helgina. Þar mun fjöldi fræðimanna í ólíkum greinum flytja erindi sem snerta sögu Vestfjarða og sumpart landsins alls. Leitast er við að leiða saman þá sem fengist hafa við rannsóknir á vestfirskri sögu og menningu á einn eða annan hátt og fá þá til að kynna viðfangsefni sín. Einnig er vonast til að með þessu verði hægt að yta undir frekara samstarf þessara aðila.

Með þessari ráðstefnu verður hleypst af stokkunum rannsóknaverkefni sem fengið hefur heitið *Vestfirðir á miðöldum* og áætlað er að standi yfir í fimm ár. Markmið verkefnisins er að stuðla að grunnrannsóknunum á sögu Vestfjarða frá landnámi til 18. aldar. Ætlunin er að taka svæðið fyrir sem eina heild og rannsaka það ítarlega frá sjónarhóli ólíkra fræðigreina. Með þessu móti er vonast til að hægt verði að ná fram heildstæðri mynd af sögu svæðisins. Þetta hefur ekki verið reynt áður hérlandis en tíðkast víða erlendis.

Að verkefninu standa Hugvísindastofnun Háskóla Íslands (Miðaldastofa), Forn-

leifastofnun Íslands, Senter for studier i vikingtid og nordisk middelalder (Middelalder-senteret) við Oslóarháskóla, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Bygðasafn Vestfjarða. Andrea Sigrún Harðardóttir á Ísafirði hefur verið ráðin til starfa við verkefnið.

Ástæður fyrir þessum áhuga á Vestfjörðum eru af ýmsum toga. Svæðið er vel afmarkað landfræðilega. Þar hafa varðveist mjög fjölskrúðugar heimildir frá miðöldum og geta fá jaðarsvæði í Evrópu státað af öðru eins. Auk þess er svæðið einstaklega áhugavert vegna þess að á mörgum skeiðum sögunnar var mannlíf á Vestfjörðum í fararbroddi almenningar þróunar á Íslandi. Því munu væntanlegar rannsóknir ekki einungis varpa ljósi á sögu Vestfjarða heldur einnig ná að skýra sögu landsins í heild. Á næstu árum stendur til að vinna að ýmsum þverfaglegum rannsóknum á svæðinu og mun verkefninu ljúka með umfangsmiklum fornleifagrefti í Vatnsfirði við Djúp og útgáfu á heildstæðu riti um sögu Vestfjarða.

Ráðstefnan hefst kl. 19 annað kvöld, föstudagskvöldið 13. júní, með setningarárvarpi

Halldórs Halldórssonar bæjarstjóra. Síðan mun Ögmundur Helgason íslenskufraeðingur fjalla um handrit af Vestfjörðum og opna sýningu frá Landsbókasafninu. Milli kl. 21 og 23 um kvöldið verður móttaka í Turnhúsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði í boði Sögufélags Ísfirðinga.

Allt frá kl. 9 á laugardagsmorgun rekur síðan hvert erindi annað. Fyrirlesarar verða Torfi H. Tulinius miðaldafræðingur, Adolf Friðriksson fornleifafraeðingur, Jón Viðar Sigurðsson sagnfræðingur, Helgi Þorláksson sagnfræðingur, Ragnar Eðvarðsson fornleifafraeðingur, Björn Teitsson sagnfræðingur, Þórður Ingi Guðjónsson bókmenntafræðingur, Bergljót S. Kristjánsdóttir bókmenntafræðingur, Úlfar Bragason bókmenntafræðingur og Sverrir Tómasson miðaldafræðingur.

Laust eftir kl. 16 á laugardag verður síðan farið í ferð á slóðir Gísla Súrssonar í Haukadal í Dýrafirði. Þar verður jafnframt kynnt Gíslasöguverkefni í menningartengdri ferðabjónustu. Um kvöldið verður hátíðarkvöldverður á Hótel Ísafirði þar sem sönghópurinn Vestan fjögur flytur tónlist séra

Ólafs Jónssonar á Söndum í Dýrafirði. Þar segir einnig Guðrún Laufey Guðmundsdóttir sagnfræðingur frá tónlistarlífi þriggja kynslóða í Vestur-Barðastrandarsýslu. Það skal tekið fram, að allir dagskrárliðir ráðstefnunnar eru öllum opnir nema Dýrafjarðarferðin og hátíðarkvöldverðurinn. Vegna skipulagningar geta einungis þeir sem hafa skráð sig fyrirfram tekið þátt í þeim tveimur dagskrárliðum.

Á sunnudagsmorgun kl. 9 hefjast málstofur á ný og verða fyrirlesarar þá Ásdís Egilsdóttir bókmenntafræðingur, Ólína Þorvarðardóttir þjóðfræðingur, Magnús Rafnsson sagnfræðingur, Þórunn Sigurðardóttir íslenskufraeðingur, Þóra Kristjánsdóttir listfræðingur, Davíð Ólafsson sagnfræðingur, Atli Ólason læknir, Halldór Bjarnason sagnfræðingur, Jón Þ. Þór sagnfræðingur, Veturlíði Óskarsson málfræðingur, Gylfi Gröndal rithöfundur og Unnur Dís Skaptadóttir mannfræðingur. Loks verða pallborðsumræður um „Vestfirska fortíð“ og hvernig hægt verði að nota hana til að efla ferðabjónustu, menntun og menningu á Vestfjörðum í framtíðinni. Gert er

fyrir ráðstefnuslitum kl. 17 á sunnudag.

Dagskrá ráðstefnunnar með tímasetningum og umræðu-

efnum einstakra fyrirlesara verður birt á fréttavefnum bb.is um hádegisbilið á morgun, föstudag.



Orkubú Vestfjarða
Stakkanesi 1 • Ísafirði • Sími 456 3211

Viðbygging við Mjólkársvirkun

Tilboð óskast í viðbyggingu við Mjólkársvirkjun í Arnarfirði. Helstu magntölur eru:

Flatarmál,	57,6m ²
Rúmmál,	184 m ³
Mótaflötur,	340 m ²
Járnbending,	2.800 kg.
Steypa,	45m ³

Uppsteypu skal lokið 1. september, og verklok 1. október nk.

Frá og með fimmtudeginum 12. júní 2003 verða útboðsgögn afhent á skrifstofu Orkubús Vestfjarða, Stakkanesi 1, 400 Ísafjörður.

Tilboðum óskast skilað á sama stað fyrir kl. 14:00 föstudaginn 20. júní nk. þar sem þau verða opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

Orkubú Vestfjarða
– beislað náttúruafl

Píanóstillingar

Verð á svæðinu í kringum 18.-22. júní í píanóstillingaferð. Þar sem þetta er fyrsta ferð mín af þessu tagi á svæðið, verða allar stillingar á Reykjavíkuvörðum þ.e. kr. 10 þús. fyrir eina umferð og kr. 14 þús. fyrir tvær umferðir.

Með von um góðar móttökur.

Kristinn Leifsson, sími 661 7909,
netfang: stillingar@heimsnet.is



Ráðstefnan „Vestfirðir, aflstöð íslenskrar sögu“ verður haldin í Menntaskólanum á Ísafirði.

Fornleifarannsóknir á bæjarstæði Eyrar

Unnið er að því að ráða fagfólk til að hafa umsjón með frumkönnun vegna fornleifarannsókna á bæjarstæði Eyrar í Skutulsfirði, að sögn Þorleifs Pálssonar bæjarritara. Eyrarbærinn stóð á bæjarhólnum á Ísafirði rétt norðan við þann stað þar sem minnismerki Ragnars myndhöggvara Kjartanssonar um druknaða sjómenn stendur nú. Eins og hér hefur komið fram hlaut Ísafjarðarbær einnar milljón króna styrk úr Fornleifasjóði til verksins. Þorleifur segir að línur muni skýrast þegar álit fornleifafraeðinga liggi fyrir. – kristinn@bb.is

Magnús sigræði á hvítasunnumóti GÍ

Magnús Gautur Gíslason sigræði á hvítasunnumóti Golfklúbbs Ísafjarðar sem fram fór á Tungudalsvelli í gær. Leiknar voru 18 holur í einum opnum flokki með og án forgjafar. Magnús fór á 75 höggum án forgjafar en í 2.-3. sæti urðu þeir Haukur Eiríksson og Bjarni Pétursson á 78 höggum. Í 4.-5. sæti urðu Kristinn Kristjánsson og Baldur Ingi Jónasson sem kláruðu holurnar áttján á 80 höggum. Keppendur voru 47. Baldur Ingi sigræði í með forgjöf í 2. sæti varð Einar Valur Kristjánsson og Runólfur Kristinn Pétursson varð þriðji. – halfdan@bb.is

Strengjasveitinni vel tekið í Tékklandi


Strengjasveit Tónlistarskóla Ísafjarðar lék á tónleikum í Tékklandi í síðustu viku við góðar undirtektir áheyrenda, að sögn Sigríðar Ragnarsdóttur skólalæknis. „Hljómsveitin spilaði í stórum listaháskóla í Prag þar sem eru yfir þúsund nemendur, aðallega í tónlist. Sveitin flutti sína dagskrá mjög vel og þótti áheyrendum mikið til hennar koma. Að lokum voru þau leyst út með gjöfum“, segir Sigríður. Auk strengjasveitarinnar flutti kammersveit tékkneska skólans verk eftir Mozart. Sveitin var væntanleg aftur til landsins í gær. – kristinn@bb.is



Hjálmar R. Bárðarson, nýstúdent 1939, þá einn á göngu með myndavél á Hornströndum, hér efst á fjallshrygg. Ljósmyndin er tekin með sjálfதாகara á 6x6 cm reflexmyndavél.



Hjálmar árið 1946 að vinna við lokaverkefni í skipaverkfræði við verkfræðiháskólann (DTU) í Kaupmannahöfn.



Hjálmar árið 1982 að ljósmynda súlubyggðina uppi á Eldey, 14 km frá landi suðvestur undan Reykjanesi til að birta í bókinni Fuglar Íslands. Ljósmynd: Ragnar Axelsson.


Stórvirki frá sjötíu á

skipaverkfræðingsins frá Ísafirði sem vill ekki kalla sig ljósmyndara

Hjálmar R. Bárðarson frá Ísafirði er einn af kunnustu ljósmyndurum Íslendinga. Hann hefur stundað ljósmyndun í liðlega sjötíu ár og frá hans hendi hafa komið mörg stórvirki í myndum og máli. Þar á meðal eru bækurnar Ísland, svipur lands og þjóðar, Fuglar Íslands, Hvítá frá upptökum til ósa, Vestfirðir í máli og myndum, Íslenskt grjót og Íslenskur gróður. Einnig myndabók um Ísland á sex tungumálum sem fyrst kom út árið 1965. Flestar hinna bókanna hafa einnig verið gefnar út á ýmsum öðrum tungumálum og verið prentaðar aftur og aftur.

Enn á ný hefur Hjálmar sent frá sér glæsilega bók sem nefnist Ljós og skuggar í máli og myndum. Segja má að þar sé samandregið það besta úr sjö áratuga eljuverki við ljósmyndun og ferðalög. Ljósmyndir Hjálmars R. Bárðarsonar eru verðmætar á tvo vegu sem oft fara ekki saman: Sem heimildamyndir um liðna tíma og sem hrein ljósmyndalist.

Þrátt fyrir þetta er Hjálmar ekki ljósmyndari að iðn heldur skipaverkfræðingur. Þar fetaði hann í spor föður síns, Bárðar G. Tómassonar frá Hjöllum í Skötufirði, sem var fyrsti íslenski skipaverkfræðingurinn. Bárður rak sem kunnugt er skipasmíðastöð á Torfnesi á Ísafirði um það bil þar sem



Frá Skáleyjum á Breiðafirði þar sem mannlíf og ýmsir fornir hættir eru enn í blóma ekki síður en fuglalífið.

Menntaskólinn stendur nú. Þeir feðgar báðir eru einhverjir helstu brautryðjendur á sviði skipasmíða hérlandis.

Hjálmar gegndi mjög lengi embætti skipaskoðunarstjóra ríkisins og síðan siglingamálastjóra og var landsþekktur fyrir verk sín þar og raunar einnig á alþjóðavettvangi. Hann hlaut margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín að siglingamálum og skipasmíðum, meðal annars Fálkaorðuna og Stór-

riddarakross Fálkaorðunnar. Einnig hlaut hann Alþjóða siglingamála-verðlaunin fyrir störf á alþjóðavettvangi að öryggismálum sjófarenda og vörnum gegn mengun sjávar.

Hjálmar R. Bárðarson var mikill ferðagarpur en er nú tekinn að reskjust. Fræg er gönguferð hans um Jökulfirði og Hornstrandir sumarið 1939, þar sem hann tók fjölda ómetanlegra ljósmynda, enda voru þá enn blómlegar byggðir


á þeim slóðum. Hann tók þar jöfnum höndum myndir af landslagi, bæjum og fólki en kveðst eflaust hafa tekið miklu meira af mannlífsmýndum hefði hann gert sér grein fyrir því að þetta svæði færi fljótlega í eyði.

Í ferð þessari fór Hjálmar með báti til Grunnavíkur og gekk síðan yfir í Aðalvík og þaðan um Hornstrandir og Strandir allt suður í Steingrímsfjörð. Þaðan gekk hann

yfir Steingrímsfjarðarheiði að Djúpi og kom heim með Djúp-bátinum frá Arngerðareyri. Fjöldi mynda úr þessari merki-legu ljósmyndaferð er í stórvirkinu Vestfirðir í máli og myndum (fyrsta útgáfa 1993), auk ótalmargra nýrra mynda enda eru Vestfirðir Hjálmarí kærir og ófáar ljósmyndaferðir hans um þær slóðir á langri ævi.

Hjálmar R. Bárðarson er fæddur að Tangagötu 4 á Ísafirði snemma árið 1918 og því réttur 85 ára. Krókurinn beygðist snemma hjá þessum mikla ferðagarpri því að tólf ára gamall stofnaði hann ásamt leikfélögum sínum á Ísafirði ferðafélag sem hlaut nafnið Einir. Hann var snemma efnilegur sundmaður og starfaði mikið í Skátafélaginu Einherjum á Ísafirði en í þeim félagsskap var mikið um útivist og ferðalög. Einnig má nefna, að á unglingsárum smíðaði Hjálmar sér kajak. Mest var um kajakróðurinn innanfjarðar en eitt sinn reri hann ásamt félögum sínum alla leið inn í Reykjanes við Djúp.

Fyrsta myndavélin sem Hjálmar R. Bárðarson eignaðist var svokölluð kassamyndavél. Hann fékk hana í fermingargjöf 14 ára gamall árið 1932 frá afa sínum og ömmu. Á þeim árum voru kassamyndavélar yfirleitt fyrstu tæki byrjenda og þessi vél



Hjálmar Jónsson, síðasti bóndinn í Smiðjuvík á Hornströndum. Áður hafði hann verið bóndi bæði á Hrafnfjarðareyri í Jökulfjörðum og í Furufirði á Ströndum. Hann brá búi árið 1933 og átti heima á Ísafirði síðustu árin.

dugði Hjálmarí vel í nokkur ár. Á hana tók hann meðal annars myndir á sundnámskeiðum í Reykjanesi, í skátaferðum, þar á meðal í Kaldalón og á Drangajökul, í skíðaferðum að vetri og kajakferðum að sumri.

Eitt af sérprófum skáta er ljósmyndun. Þar er gerð krafa um ýmsar gerðir ljósmynda og árið 1934 lauk Hjálmar því prófi með myndum úr kassamyndavélinni sinni. Aldrei hefur Hjálmar þó viljað kalla

Fjölur hf. hagnaðist um 23 milljónir

Fiskvinnslan Fjölur hf. á Þingeyri hagnaðist um 40 milljónir króna fyrir afskriftir og fjármagnskostnað á síðasta ári. Að teknu tilliti til framangreindra þátta nam hagnaðurinn 23 milljónum króna. Þetta kom fram á aðalfundi fyrirtækisins í síðustu viku. Árið þar á undan tapaði fyrirtækið 124 milljónum eftir afskriftir og fjármagnskostnað. „Þetta er mikill viðsnúningur sem aðallega skýrist af minni fjármagnskostnaði“ segir Pétur H. Pálsson, stjórnarformaður Fjölnis. „Að vísu var rekstrar-kostnaður meiri að þessu sinni.“ – halfdan@bb.is

Útgerð Framness ÍS 708 fær viðurkenningu

Áhöfn og útgerð skuttogarans Framness ÍS 708 hefur hlotið viðurkenningu Siglingastofnunar fyrir framkvæmd á öryggisreglum og góða umhirðu skips. Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. gerir Framnessið út en Gísli Skarphéðinsson er skipstjóri. „Þetta er góð viðurkenning fyrir strákana og styrkir okkur í trúnni að halda áfram að ganga vel um og reyna að halda öryggismálum í lagi“, segir Gísli. Tæp 30 ár eru síðan Framnessið kom nýtt til landsins og segir Gísli að skipinu hafi áður hlotnast viðurkenning af þessu tagi. Viðurkenningin á að




Hluti áhafnarinnar á Framnesi með viðurkenningarskjal. Gísli skipstjóri er annar frá vinstri. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson. vera hvatning fyrir áhöfn og eigendur skipa að halda vöku sinni gagnvart umgengni og öryggisbúnaði skipa. Sex önnur fiskiskip hlutu einnig viðurkenningu Siglingastofnunar þetta árið. – kristinn@bb.is



Hjálmar árið 1999 að ljósmynda sóldögg, sjaldgæfa plöntu, á Snæfellsnesi, til að birta í bókinni Íslenskur gróður 1999. Ljósmynd: Eyþór Einarsson.




Séð af brún Hælavikurbjargs yfir Hornvík og til Hornbjargs. Yst á Hornbjargi er Núpur og milli hans og Miðfells er Ystidalur. Innan við Miðfell er Miðdalur en upp af honum gnæfa Jörundur og síðan Kálfatindar við himin. Á fornum marbakka neðan við Miðdal standa Hornbæirnir sem löngu eru komnir í eyði en húsum er haldið við til sumardvalar.



Bjargtangar á vesturenda Látrabjargs eru vestasti oddi Íslands og jafnframt Evrópu. Vitinn stendur á ystu brún en niðri má sjá hella sem sjórinn hefur sorfið í bergið.

ra ferli



Úr Látrabjargi, voldugasta sjávarbjargi landsins. Bjargið er um 14 km á lengd og mesta hæð 444 metrar yfir sjávarmáli. Fuglamergðin er gífurleg á varptíma en á myndinni eru tveir lundar og ein álka.

sig ljósmyndara þar sem það er lögverndað starfsheiti iðnlærðra manna.

Hvað sem því líður er Hjálmar R. Bárðarson skipaverkfræðingur frá Ísafirði

löngu viðurkenndur sem einn af meisturum ljósmyndalistarinnar á Íslandi. Hér fylgja nokkur sýnishorn úr síðustu gersemi hans, Ljósi og skuggum í máli og myndum.



Smiðjuvík á Hornströndum. Þegar Hjálmar tók myndina árið 1939 var bærinn búinn að vera í eyði í sex ár.



Á Halamiðum í skuttogaranum Guðbjarti ÍS 16 árið 1979. Það var öllu frekar siglingamálastjórinn en ljósmyndarinn Hjálmar R. Bárðarson sem fór þessa ferð en erindið var að kynna betur vinnuáðstöðu um borð í skuttogurum.



Það var mikið annríki í hinni voldugu síldarverksmiðju í Djúpavík þegar Hjálmar R. Bárðarson kom þar á göngu sinni sumarið 1939. Síldin veiddist vel og gufu og reyk leggur frá bræðslunni þar sem bæði var framleitt síldarmjöl og lýsi.



Íslenski fálkinn er stærstur allra fálkategunda. Kvenfuglinn er talsvert stærri en karlfuglinn. Hér er kvenfálki að mata unga sína á klettasyllu á Ströndum.



Reiðskörð eða Rauðuskörð eru leifar af berggangi eða klettabrá skammt frá Brjánslæk á Barðaströnd.

Búið á Skjaldfönn afurðahæst á síðasta ári

Búið á Skjaldfönn við Djúp var afurðahæsta sauðfjárbú landsins á síðasta ári samkvæmt skýrslum Bændasamtaka Íslands. Ærnar þar á bæ sem voru 238 að tölu skiluðu að meðaltali 36,1 kíló af kjöti hver. Frábærar afurðir hjá Indriða Aðalsteinssyni og Kristbjörgu Lóu Árnadóttur, bændum á Skjaldfönn, koma ekki á óvart því að bú þeirra hefur oft áður stadið hæst yfir landið hvað afurðir varðar á síðustu árum. Indriði sagðist í samtali við vef Bændasamtakanna alls ekki hafa átt von á að bú þeirra stæði hæst að þessu sinni.

Héðni veittur ferðastyrkur á Ól. fatlaðra

Sparisjóður Vestfirðinga færði á föstudag Héðni Ólafssyni, íþróttamanni á Ísafirði, styrk vegna ferðar hans á Ólympíuleika fatlaðra (Special Olympics) sem haldnir verða í Dyflinni á Írlandi dagana 21.-29. júní. Þar mun Héðinn keppa í boccia sem hann hefur lengi iðkað hjá Íþróttafélaginu Ívari. Styrkur Sparisjóðsins nemur 30 þúsund krónum og nægir til að greiða þátttökukostnað Héðins. Íslenski hópurinn heldur utan mánudaginn 16. júní en degi áður fer hann í móttöku hjá forseta Íslands, sem verður viðstaddur opnunarhátíð og fyrstu daga leik-



Héðinn ásamt þeim Katrínu Skúladóttur hjá Sparisjóði Vestfirðinga og Kristjönu Jónasdóttur hjá Svæðisskrifstofunni. Anna, Héðinn Ólafsson og hinir íslensku þátttakendurnir munu dvelja í bænum Newry. – halfdan@bb.is

Skiptir um eigendur

Sævar Óskarsson, framkvæmdastjóri Pólsins á Ísafirði, hefur keypt rekstur og nafn fyrirtækisins. Húseignir þess verða í framtíðinni reknar af eignarhaldsfélaginu Gamla kompaníð, en svo var húsið

að Aðalstræti 9 kallað um miðja síðustu öld.

Alrangt er að fyrirtækið sé hætt starfsemi, eins og fram kom í fréttum Svæðisútvarps Vestfjarða á fimmtudag í síðustu viku. Rekstur Pólsins

verður nánast óbreyttur frá því sem verið hefur þ.e. rafverk-taki og rafþjónustufyrirtæki. „Þetta er niðurstaða tveggja ára vinnu við endurskipulagn-ingu félagsins sem hefur í 7 ár reynt að selja fasteignir við Aðalstræti 9 til að létta á veð-skuldum. Það hefur ekki geng-ið fram að þessu og um það bil 1.300 fermetra húsnæði fyrir átta manna fyrirtæki er vægast sagt óhagkvæmt“, seg-ir Sævar Óskarsson.

„Ríkisútvarpið á Vestfjörð-um kaus að segja frá þessu á þann veg að Póllinn væri hætt-ur starfsemi. Það er alrangt. Stuttar tilkynningar eins og þessi sem lesin var í þrígang-verða líklega til þess að leggja þarf út í dýra auglýsingaher-ferð til að láta vita að rekstri hafi ekki verið hætt. Það er nóg að þurfa að standa í erfiðri endurskipulagningu á rekstri gamalgróins félags, eftir mikl-ar breytingar á öllu rekstrar-umhverfi, þó að ekki bætist við neikvæðar fréttir sem þess-ar. Ég vil fullvissa alla við-skiptavini Pólsins um að hjá okkur fæst áfram fyrsta flokks rafþjónusta á sanngjörnu verði“, segir Sævar.

Verkefnastaða fyrirtækisins mun vera nokkuð góð og eru



Starfsmenn Pólsins. Eins og sjá má standa dyr fyrirtækisins ennþá opnar.

menn í Pólnum bjartsýnir á framhaldið. „Aðalstarfsvett-vangur okkar verður áfram Ísafjarðarbær en við munum leita eftir verkefnum út fyrir svæðið í meira mæli en áður. Þannig höfum við til dæmis

verið í samstarfi við fyrirtæki á Austfjörðum“, segir Sævar Óskarsson, framkvæmdastjóri Pólsins.

Starfsmenn fyrirtækisins eru Sævar Óskarsson framkvæmdastjóri, Júlía B. Þórðar-

dóttir, Hjálmar Þorvaldsson, Valur S. Valgeirsson og Sig-urður Karl Kristjánsson, en þeir tveir síðastnefndu starfa á Suðureyri og á Þingeyri.

halfdan@bb.is

Grunnskólinn á Flateyri

Spýtan ehf. bauð lægst í endurbætur

Þrjú tilboð bárust í endur-bætur á Grunnskólanum á Flateyri. Þau voru öll yfir kostnaðaráætlun sem nam tæplega fjórum milljónum

króna.

Spýtan ehf. á Ísafirði bauð lægst eða tæplega 4,2 milljón-ir. Trésmiðjan ehf. í Hnífsdal bauð rúmlega 4,8 milljónir og

S.R.G. Múrun ehf. á Ísafirði rúmlega 5,4 milljónir. Bæj-arráð Ísafjarðarbæjar hefur lagt til við bæjarstjórn að tilboði Spýtunnar verði tekið.

Yfir áttatíu Dýrfirðingar beina tilmælum til bæjaryfirvalda

Pósthúsið á Þingeyri verði menningarhús

Um áttatíu manns í Dýra-firði hafa ritað bæjaryfirvöld-um í Ísafjarðarbæ bréf þar sem lagt er til að hús Íslandsþósts á Þingeyri verði keypt og það notað sem menningarhús. Bréfritarar benda á að bóka-safn Þingeyrar búi við þröngan

húsakost, safnaðarheimili vanti fyrir Þingeyrarkirkju og tónlistarskólinn sé húsnæðis-laus. Vilja þeir meina að hús Íslandsþósts væri vel hægt að samnýta fyrir ofangreinda starfsemi. „Við teljum að hús þetta myndi henta vel fyrir

bókasafn, tónlistarskóla og safnaðarheimili hér á Þing-eyri“, segir meðal annars í bréfi Dýrfirðinganna til bæjar-yfirvalda.

„Ekkert safnaðarheimili er á Þingeyri og það sárvantar heppileg húsakynni, safnað-

arheimili, fyrir ýmsa kirkju-lega starfsemi svo sem sóknar-nefndarfundir, fermingarfræð-slu, kóræfingar, leshópa, nám-skeið og fleira“, segir í bréfinu. „Tónlistarskólinn á Þingeyri hefur ekki yfir neinu húsnæði að ráða og fær inni við erfiðar aðstæður í húsakynnum Grunnskólans. Húsnæðisleysi stendur starfsemi Tónlistar-skólans fyrir þrífum og er nauðsynlegt að fá betra húsnæði fyrir skólann.

Lifandi bókasafn er mikill menningarauki fyrir sérhvert byggðarlag og mjög verðugt að efla starfsemi safnsins hér og bæta aðgengi fyrir íbúana og er þá ekki verið að kasta rýrð á það sem gert hefur verið hingað til. Afgreiðsluhæð pósthússins myndi henta vel og er auðvelt fyrir alla að kom-ast þar inn. Íbúðarhæð póst-hússins er rúmgóð og gæti mjög vel verið samnýtt og þjónað sem húsnæði fyrir tón-listarskóla og safnaðarheim-ili“, segir einnig í bréfinu.

halfdan@bb.is



Stýrimaður

Stýrimaður óskast á Snæbjörgu ÍS-43 til úthafsrækjuveiða.

Upplýsingar gefur Gísli Hermannsson í síma 892 3883.

STAKKUR SKRIFAR

Ný tækifæri og ógnir

Margt gerist í einu. Á Raufarhöfn var 50 manns sagt upp störfum hjá Jökli, en það hefur verið tekið til baka um sinn. Kenna nú allir kvótakerfinu um. Hörður Ingólfsson skrifar athyglisverða grein í Morgunblaðið 1. júní síðastliðinn og ber saman Klakksvík og Ísafjörð og spyr hvað hafi komið fyrir Ísafjörð. Lífið sé miklu meira í Klakksvík en á Ísafirði og bátar af öllum stærðum og gerðum leggi að og frá í sífellu meðan nokkur skip liggi kyrr í höfninni heima. Svárið er einfalt. Menn, sem áttu rétt til að fiska í sjónum umhverfis Ísland, tóku þá meðvituðu ákvörðun að framselja hann öðrum og fá fyrir endurgjald. Flóknara er það ekki. En svo virðist sem að þeir er setja mest út á kvótakerfið gleymi þessari einföldu staðreynd, að það voru þeir menn sem var trúað fyrir veiðirréttinum, kvótanum, sem létu hann af hendi, ekki stjórnvöld.

Alltof sjaldan er þeirrar spurningar spurt hvort ákvarðanir þeirra sem höfðu fyrirsvor í atvinnulífinu hafi verið réttar: Fjárfestu þeir rétt, höfðu þeir lesið rétt í þróun mála, eða voru hlutirnir gerðir eins og venjulega? Við gerum reyndar flest hlutina eins og venjulega af þeirri ástæðu einni, að sú hegðun er þægilegri en að spá fyrir um framtíðina og taka ákvarðanir í sam-ræmi við niðurstöðu þeirra spádóma. Ríkisstjórnin tók ekki ákvörðun um að selja Guðbjörgu ÍS frá Ísafirði. Það gerðu eigendurnir og áttu vissulega rétt á því. Skip voru grundvöllur veiða áður fyrri eins og nú. Án þeirra

verður fiskur ekki veiddur fremur en fyrrum. Þau hafa verið seld af einstökum stöðum þótt ekki væri kvótakerfið. Á það hefur verið bent á þessum vettvangi margoft, að allir áttu í upphafi kvótakerfisins fyrir tæp-um tveimur áratugum tækifæri til að kaupa sér kvóta. Sumir gerðu það, en aðrir ekki. Á það hefur einnig verið bent, að þeir sem standa að Hraðfrysti-húsinu-Gunnvöru hf. gættu hagsmuna sinna í þessum efnum og um leið íbúanna á Ísafirði og í Hnífsdal. Spyrja má: Gerði bæjarstjórn Ísafjarðar rétt þegar sá kvóti, er henni tilheyrdi með eign í Togaraútgerðinni, var lagður annað og „hlutur íbúanna“ í Básafelli svo seldur þegar lítið fékkst fyrir hann? Áður hafði boðist herra verð, en kjörnir fulltrúar vildu þá ekki selja.

Þá að öðru. Nú stefnir í minnstu rækjuveiði í Ísafjarðardjúpi í nærri tvo áratugi, en stofninn mun samkvæmt niðurstöðum Hafrannsóknastofnunar vera sá minnsti í 16 ár. Afleiðingarnar eru augljósar svo sem fyrr er sagt. Í Stykkishólmi glíma menn við hrun skelfiskstofnsins. En væntanlega eykst kvóti þorsks um 30 þúsund tonn og ýsu um 20 þúsund tonn. Það birtir upp. Og vandi Raufarhafnar er ekki skortur á kvóta heldur ákvarðanir sveitarstjórnarmanna. Hér sannast einu sinni enn, að atvinnurekstri er oft illa komið í höndum sveitarstjórna og þeir sem þar sitja svara ekki til ábyrgðar.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Stórsýningar Toyota

á Vestfjörðum
helgina 14. - 15. júní



Yaris. Ef þú vilt selja af hverju Yaris hefur farið alla sigurför um heiminn þarftu að kynast honum af eigin naum – komdu og reyndu!.



Corolla er bíll ársins 2002. Þegar þú kemur og reyndu! muntu selja af hverju. Nýr Corolla – tilfinningin er góð.



RAV4 sameinar alla helstu kosti jeppa og bílabíls. Lípur innanbjar, daglegur í elarð og einstaklega þægilegur í langferðum.



Nýr Avensis. Frábær fjórhjólubíll, lípur innanbjar en jafnframt kraftmikill og einstaklega þægilegur í langri ferðum.



Land Cruiser 90. Frétt hefur tengið nýtt lítil. Njóttu ferðu – komdu og reyndu! Land Cruiser 90 um helgina.

BÍLASÝNINGAR Á VESTFJÖRDUM. Komdu á stórsýningar Toyota:

Þingeyri, við söluskála Essó, laugardaginn 14. júní, kl. 11-12.

Flateyri, við söluskála Essó, laugardaginn 14. júní, kl. 13-14.


Suðureyri, við söluskála Essó, laugardaginn 14. júní, kl. 14.30-15.30.

Bolungarvík, við söluskála Shell, laugardaginn 14. júní, kl. 16.30-18.

Ísafjörður, við Bílatanga, sunnudaginn 15. júní, kl. 12-17.

Umboðsmaður Ísafirði: Bílatangi, Suðurgötu 9, 400 Ísafjörður, síni: 456 3800.

Láttu ekki þetta einstaka tækifæri fram hjá þér fara. – www.toyota.is



Hjólin frá Yamaha
verða til sýnis á Ísafirði.

helgarglagbókin

skemmtanir · fundir · fólk · sjónvarp · veður · íþróttir · fréttir · kirkjustarf

smáar

Til sölu er vel með farin hillu- og skápasamstæða. Selst ódyrt. Uppl. í sínum 456 3880 og 867 7791.

Golfklúbbur Ísafjarðar óskar eftir starfskrafti til afleysinga í kvöld og helgarvinnu. Um er að ræða afgreiðslustörf o.fl. Uppl. í síma 456 5081 frá kl. 17-20.

Óska eftir að kaupa ódyran bíl, helst skoðaðan 04. Upplýsingar í síma 896 0543.

Vantar barnapössun fyrir 3ja ára gamlan strák frá 10. júlí til 16. ágúst frá kl. 10:00 á morgnana til kl. 16:30. Uppl. gefur Kristín í sínum 456 5004 og 867 7778.

Tapast hafa gleraugu með gul-leitri umgjörð, sennilega í mið-bæ Ísafjarðar. Skilvis finnandi vinsamlegast hringi í síma 456 3769.

Vantar hornsófa eða sófasett. Uppl. í síma 867 0379.

Til sölu er plashús á pick-up. Uppl. í síma 862 4773.

Par með tvö börn óskar eftir íbúð á eyrinni sem fyrst. Uppl. í síma 456 4311 og 867 0283.

Óska eftir að taka íbúð á leigu á Suðureyri í sumar fyrir tvo 18 og 19 ára unglinga. Upplýsingar í síma 847 7311.

Óska eftir lítilli frystikistu, ódyrt eða gefins. Uppl. gefur Gunna Sigga í síma 690 3571.

Óska eftir þokkalega vel tömd- um hesti. Upplýsingar í síma 867 2694.

24 ára karlmaður óskar eftir að komast á sjó sem fyrst. Uppl. gefur Gunnar í síma 456 4311 og 867 0283.

Kíktu í bílskúrinu eða kompuna og athugaðu hvort þú átt ekki gamlan hægindastól sem þú vilt selja. Hafðu síðan samband í síma 456 4494.

Við erum hjón með þrjú börn og erum að flytja til Ísafjarðar. Óskur vantar húsnæði til leigu og e.t.v. til kaupa þegar fram í sækir. Uppl. gefur Gunnar í síma 893 8532.

Til sölu er Musso jeppi árg. 98, vel með farinn, sjálfskiptur, disellíbil með mæli, ekinn 94 þús. km. Verð kr. 1.700 þús. Ahvílandi kr. 1.100 þús. Uppl. gefur Sveinbjörn í síma 895 4673.

Hljóninámскеiði fyrir hvolpa/hunda verður haldið á Ísafirði í júní ef næg þátttaka fæst. Uppl. í síma 862 8671. Auður.

Til sölu er Palomino Colt fellihýsi árg. 99. Meðfylgjandi er sveftinngang og grjótrind. Uppl. í síma 820 7526 og 456 7526.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Úrðarvegi 78 með sér inngangi. Uppl. í síma 456 3928 eða 456 4323.

Til sölu er 4-6 herb. íbúð á besta stað á eyrinni á Ísafirði. Uppl. í síma 860 7446.

Til sölu er Skoda Felicia pick-up sendibílfreið árgærd 1996, ekinn 95 þús. km. Þarfnast viðgerðar. Tilboð óskast. Upplýsingar gefur Halldór Sveinbjörnsson í síma 894 6125.



SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 13. júní

17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Þekkóla (22:26)
18.30 Einn sinni var...
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Stúlkan á sléttunni. (*Beyond the Prairie*) Bandarísk sjónvarpsmynd um Lauru Ingalls úr Húsínu á sléttunni og fjölskyldu hennar. Hér er sagt frá því er fjölskyldan nemur land á sléttunni. *Meðal leikenda eru Richard Thomas, Lindsay Grouse, Meredith Monroe og Tess Harper.*
21.45 Keðjuverkun. (*Chain Reaction*) Bandarísk spennumynd frá 1996 um ung- an háskólanema sem kemst í hann krapp- an þegar dýrmætri uppfirringu er stolið og skuldinni skellt á hann. *Aðalhlutverk: Keanu Reeves, Morgan Freeman, Rachel Weiss og Fred Ward.*
23.30 Háttvirtur þingmaður. (*The Distinguished Gentleman*) Eddie Murph- y fer á kostum í þessari mynd sem fjall- ar um smákrímna sem ákveður að bjóða sig fram til bandaríska þingsins og öllum að övörum nær hann kjóri. *Aðalhlutverk: Eddie Murphy, Lane Smith, Sheryl Lee Ralph, Joe Don Baker og Victoria Row- ell.*

01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 14. júní

09.00 Morgunundin okkar
09.02 Mummi bumba (24:65)
09.08 Stjarnan hennar Lára (11:13)
09.19 Engilbert (17:26)
09.30 Albertína ballerína (20:26)
09.45 Hænsnaköfnin (10:13)
10.03 Babar (13:65)
10.18 Gulla grillari (33:52)
10.55 Timburmenn (1:10)
11.10 Kastljósið
11.35 Í einum grænum (6:8)
12.00 Út og suður (5:12)
12.25 Hlé
15.50 Landsleikur í knattspyrnu. Bein útsending frá leik kvennalaða *Ís- lendingna og Úngverja* í forkeppni Evr- opumótis landsliða á Laugardalsvelli.
16.50 Táknmálsfréttir
17.00 Landsleikur í knattspyrnu
17.50 Formúla 1. Bein útsending frá tímatöku fyrir kappaksturinn í Kanada.
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Lotó
19.40 Laugardagskvöld með Gísla
20.25 Fjölskylda mín (2:13)
21.00 Laumufarþegar. (*The Impost- ors*) Gamannmynd frá 1988. Tveir at- vinnulausir leikarar laumast um borð í skip til að flytja undan starfsbróður sínum sem hefur hótad að drepa þá en að sjálfsögðu tekur hann sér far með skipinu líka. *Aðalhlutverk: Oliver Platt, Stanley Tucci, Walker Jones, Alfred Molina, Lili Taylor, Tony Shalhoub og Steve Buscemi.*
22.40 Beck. (*Gæðahringurinn*). (*Beck: Cartel*) Sænsk sakamála mynd frá 2001 þar sem lögreglumaðurinn Martin Beck glímir við dularfullt morðmál. *Aðalhlut- verk: Peter Haber, Mikael Persbrandt, Malin Birgersson, Marie Göransson, Hannes Zischler og Ingvar Hirdwall.*
00.10 Bopha! Bíomynd frá 1993 um lögreglumann í Suður-Afríku árið 1980 og vandann sem hann kemst í þegar son- ur hans fer að berjast gegn aðskilnaðar- stefnunni. *Aðalhlutverk: Danny Glover, Alfie Woodard og Malcolm McDowell.*
02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 15. júní

09.00 Morgunundin okkar
09.01 Disneytundin
09.25 Sigildar teiknimyndir (42:42)
09.32 Gullagrinn (52:53)
09.55 Kobbí (12:13)
10.07 Rísto (6:6)
10.15 Franklin (8:13)
10.50 Í einum grænum (6:8)
11.15 Vísindi fyrir alla
12.10 Húsið í myrinni
12.55 Leyndardómur Kínaveidis
13.25 Timburmenn (1:10)
13.40 Laugardagskvöld með Gísla
14.25 Út og suður (5:12)
14.50 A ferð og flugi um Suður-Afríku Jón Ólafsson tónlistarmaður er umsjón- armaður þáttarins og leiðir áhorfandann inn í ævintýraheim Suður-Afríku. Hann skoðar þetta framandi umhverfi með augum Íslendingins og kemst í kynni við margan Afríkubúann. Asamt litríkum myndum er þátturinn skreyttur seiðandi tónlist. e.
15.25 Maður er nefndur
16.00 Jarðarberjahæð (3:6)
16.06 Sultur
16.20 Táknmálsfréttir
16.30 Formúla 1. Bein útsending frá

kappakstrinum í Kanada.

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Kastljósið

20.00 Bestu árin. Mynd um Mennta- skólann í Reykjavík í nútíð og fortíð. Fylgst er með því hvernig nýnemar berast með straumi sögulegra hefða, sækja tíma í öldnum húsakynnum og stunda félagslíf sem byggist á gömlum merg. Myndin er gerð að tilhlutan stúdenta 1940 í tilefni af 150 ára afmæli skólans 1996.

20.45 Íslensku leiklistarverðlaunin. Kynntar verða tilnefningar til Grímunnar, íslensku leiklistarverðlaunanna, sem veitt verða í fyrsta sinn við hátíðlega athöfn í Þjóðleikhúsinu á mánudagskvöld. Kynntar verða tilnefningar í fimmtán flokkum. Sýnt verður beint frá verðlauna- hátíðinni í Sjónvarpinu annað kvöld.

21.15 Njósnavarnir frá Cambridge

22.10 Helgarsportíð

22.35 Og mamma þín líka. (*Y tu mamá también*) Mexíkósk verðlaunamynd frá 2001. Tveir unglingsstrákar og eldri kona fara saman í ferðalag og læra ýmislegt um lífið, vínáttuna, kynlífið og hvert annað. *Aðalhlutverk: Ana López, Mer- cado, Diego Luna, Gael García Bernal, Nathan Grimbreg og Verónica Langer.*

00.20 Kastljósið

00.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok



Föstudagur 13. júní

06.58 Ísland í bítíð
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 11 finu formi
09.35 Oprah Winfrey
10.20 Ísland í bítíð
12.20 Neighbours
12.25 11 finu formi
13.00 Fugitive (22:22)
13.45 Jag (24:24)
14.30 The Game (7:22)
15.15 Thieves (1:10)
16.00 Smallville (19:21)
16.45 Barnatími Stöðvar 2
17.20 Neighbours
17.45 Buffy, the Vampire Slayer
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.20 Ísland í dag, íþróttir, veður
19.30 Friends (21:23)
20.00 Friends (22:23). Monica og Chandler komast að því að þau muni að öllum líkindum ekki geta getið barn nátt- úrlega og fara því að leita sæðisgjafa. Phoebe vandræðast mikið yfir því hverju hún á að klæðast í partí þar sem hún á von á að hitta sinn fyrrverandi og Ross vinnur hörðum höndum að fyrirlestri sem hann þarf að flytja á ráðstöfun.

20.25 Off Centre (7:7)

20.55 George Lopez (9:26)

21.20 The American Idol (31:34)

22.40 The Lost Battalion. (*Týnda her- deildin*) Sjónvarpsmynd sem gerist í fyrri heimsstyrjöldinni. Sveit bandarískra her- manna lendir í sjálfeldu í Frakklandi undir lok stríðsins. Allar undankomandi leiðir eru klaðar og sveitin virðist aðeins eiga um tveint að deyja. Að gefast upp eða falla fyrir byssukúllum þjóðverja. Charles White Whittlessey majór fer fyrir sínum mönnum en getur hann fundið leið út úr þessum ógöngum? *Aðalhlut- verk: Rick Schroder, Phil McKee, Jamie Harris.*

00.10 High Heels and Low Lives. (*Háir hælur og skithælur*) Bráðsmellinn kvik- mynd um tveir vinkonur sem leiðast út á hálán ís. Shannon og Frances komast á snóður um afgjörð þessara sem hyggst átt ræna banka í hverfinu þeirra. Við slíkar aðstæður myndu flestir hringja beint í lögregluna en ekki Shannon og Frances. Þær ákveða að krækja sjálfar í væna peningafólgu með því að hótá ræn- ingjunum að segja til þeirra en vopnin snúast fljótt í höndunum á þeim. *Aðal- hlutverk: Minnie Driver, Mary Mc Cormack, Kevin McNally, Mark Willi- ams.*

01.35 Mimic. (*Í mannsmynd*) Banvænn sjúkdómur sem berst með kakkalökum herjar á börn á Manhattan. Vísindama- urinn Susan Tyler rektar nýja tegund skordýra sem útrýma kakkalökunum en þar með eru vandræðin rétt að byrja. *Aðalhlutverk: Mira Sorvino, Jeremy Northam.*

03.20 Friends (21:23)

03.40 Friends (22:23)

04.00 Ísland í dag, íþróttir, veður

04.25 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 14. júní

08.00 Barnatími Stöðvar 2

08.25 Sólarpriessan

09.30 Barnatími Stöðvar 2

10.05 Air Bud

11.40 Yu Gi Oh (21:48)

14.20 Ruby Wax's Commercial

14.50 Star Wars Episode V 1980.

16.55 Strong Medicine (3:22)



Handan óvinalínu

Handan óvinalínu, eða Behind Enemy Lines, er spennumynd frá árinu 2001 sem Stöð 2 sýnir kl. 21:00 á laugardagskvöld. Myndin segir frá siglingafræðingnum Leslie Reigart og félagi hans Stackhouse sem eru skotnir niður af óvinum og handteknir á Balkanskaganum. Þeir sæta harðri meðferð og virðast ekki eiga afturkæmt. Yfirmaður þeirra leggur allt í sölurnar til að bjarga þeim en innan hersins eru ekki allir jafn skilningsríkir þegar kemur að slíkri aðgerð. Aðalhlutverk leika Owen Wilson, Gene Hackman og Gabriel Macht.

15.55 Víkan í enska boltanum
16.20 Afleggjarar - Þorsteinn J. (2:12)
16.45 Monk (4:12)
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Lotó
19.00 Friends 4 (24:24)
19.30 Stiff Upper Lips. (*Yfirstéttarást*) Bresk gamannmynd eins og þær gerast bestar. Emily er orðin gjafavörð með frænka hennar og bróðir hafa fundið rétta mannféttið. Cedric Trilling, sem er af göðum ættum. Emily vill ekki fylgja ráðum þeirra enda hrifin af George en hann er úr verkalyðsstétt og það setur strík í reikninginn. Frænkan veit hvernig á að koma vitinu fyrir Emily og nú er bara að sjá hvort ástin sigri ekki að lok- um? *Aðalhlutverk: Georgina Cates, Prunella Scales, Sean Pertwee, Samuel West, Peter Ustinov.*
21.00 Behind Enemy Lines. (*Handan óvinalínu*) Spennumynd sem gerist á stríðshjaldi landsvæði Balkanskagans. Siglingafræðingurinn Leslie Reigart og félagi hans Stackhouse eru skotnir niður af óvinum og handteknir. Þeir sæta harðri meðferð og virðast ekki eiga afturkæmt. Yfirmaður þeirra leggur allt í sölurnar til að bjarga þeim en innan hersins eru ekki allir jafn skilningsríkir þegar kemur að slíkri aðgerð. *Aðalhlutverk: Owen Wil- son, Gene Hackman, Gabriel Macht.*
22.50 Big Momma's House. (*Hjádmúttu*) Óþorganleg grímynd. Alríkislögreglu- maðurinn Malcolm Turner er sendur til Georgíu til að góma hættulegan glæpa- mann. Þar býr fyrrverandi kærasta mannsins og yfirvöld hafa rákstuðan grun um að glæpamaðurinn muni snúa þangað fyrir eða síðar. Malcolm verður að sjálfsögðu að fara að öllu með gát og líður í því er að dulþjálf sem eldri kona, vel íhaldum! *Aðalhlutverk: Martin Law- rence, Nia Long, Paul Giamatti, Jascha Washington.*

00.30 Circus. (*Síðasta plöttið*) Glæpa- mynd þar sem allt gengur út á svik og pretti. Hjónin Leo og Lily eru svalasta parið í bænum. Leo er frægur bragðde- fur sem nú er tilbúinn að setjast í helgan stein. En fyrir ætla hann leika einn blekk- ingarleik sem á að verða sá besti af þeim öllum. *Aðalhlutverk: John Hannah, Fanne Janssen, Peter Stormare.*

02.05 Lethal Vows. (*Baneitæður*) Und- anfarin 15 ár hafa reynst Ellen Farris erfíð. Hún hefur m.a. barist við veikindi en leknar hennar hafa lítið sem ekkert getað aðhafst. Þegar eigin kona fyrrver- andi mannsins hennar sýnir sömu ein- kenni og hún reyna tveir grímur á Ellen. Getni verði að eiginmaðurinn eigi sök á öllu saman? *Aðalhlutverk: John Ritter, Marg Helgenberger, Megan Gallagher.*
03.35 Friends 4 (24:24)
04.00 Tónlistarmyndbönd

Sunnudagur 15. júní

08.00 Barnatími Stöðvar 2

12.00 Neighbours

13.30 60 mínútur

14.20 Ruby Wax's Commercial

14.50 Star Wars Episode V 1980.

16.55 Strong Medicine (3:22)

17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Friends 5 (1:23)
19.30 Monk (5:12)
20.20 Villiljós (3:5) (*Aumingjaskápur- inn*) Villiljós er íslensk kvikmynd frá ári- num 2001 sem fékk góðar viðtökur. Raktar eru fimm sögur og sýnir Stöð 2 eina þeirra á hverju sunnudagskvöldi í júní. Áhorfendur kynnað öllu fólki sem þó virðist tengjast með einhverjum hatti. Allir sem koma við sögu standa frammi fyrir áleitinum spurningum og hjá flestum blásir við uppgjör. *A meðal leikenda eru Ingvar E. Sigurðsson, Björn Jónsson, Friðhjórnsson, Guðrún Bjarnadóttir, Hafdis Huld og Álfhildur Örnólfsdóttir.*
20.50 Twenty Four (20:24)
21.35 Boomtown (18:22)
22.25 60 mínútur
23.10 Band of Brothers (9:10)
00.10 American Idol (31:34)
01.25 Unbreakable. (*Ódrepandi*) Magn- aður tryllir um öryggisvörð sem klárlega er undir verndarvæng æðri máttarvalda. David Dunn komst einn lífs af eftir hræð- ilegt lestarslys skammt frá Filadelfíu. 131 forst í slysinu, björgun Dunns var því al- gert kraftaverk og sú staðreynd að hann fékk ekki einu sinni marlett er mönnum hulin ráðgáta. Hér býr eitthvað mjög dularfullt að baki. *Aðalhlutverk: Bruce Willis, Samuel L. Jackson, Robin Wright, Spencer Treat Clark.*
03.10 Friends 5 (1:23)
03.35 Tónlistarmyndbönd



Föstudagur 13. júní

16.30 Olíssport
17.00 US Open 2003. Bein útsending frá göllum keppnisdegi á Opna bandaríska meistaramótinu í golfi. Til leiks eru mætt- ir allir fremstu kyflingar heims en það er Tiger Woods sem freistar þess að verja titilinn.
23.00 Football Week UK
23.30 Detour. (*Út af spörinu*) Alvrög- glæpamynd. Danny og Ziggy eru í þann mund að ráðast í sitt stærsta verkefni til þessa. Starfsfélagi þeirra Mo hefur bent á stórbófann Grasso sem bentugt fórnar- lamb en hjá honum er mikla fjármuni að finna. Danny og Ziggy slá til en þegar á hölminn er komið hefur einhver orðið fyrri til! Það er búið að ræna stórbófann sem heldur aðvitað að hinir óþepnu félagar beri ábyrgð á öllu saman. Og aðvitað vill fórnarlambið koma fram hefundum. *Aðalhlutverk: Jeff Fahey, Michael Madsen, Gary Busey, James Russo.*

01.00 NBA. Bein útsending.
03.40 Dagskrárlok og skjáleikur

Laugardagur 14. júní

13.30 NBA

16.00 Toppleikur

18.00 US Open 2003. Bein útsending



Föstudagur 13. júní

18:30 Hjartsláttur á ferð og flugi (e)
19:30 Life with Bonnie (e)
20:00 Philly. Kathleen er fyrsta flokks verjandi, sannur riddari hringborðsins í leit að hinum heilaga kaleik réttleysisins. Asamt félagi sínum berst hún harðri baráttu við hrokafulla saksóknara og dómara í von um að fá kerfið til að virka. Kathleen er líka einstæð móðir og barns- fæðinginn jafnframt helsti aðstoðingur hennar og ofurfjandri, sjálfur aðalsaksók- nari Filadelfíuborgar.
21:00 Spy TV
21:30 Hljómsveit Íslands. Í þáttunum um Hljómsveit Íslands, eða Gleðisveit Ingólfs, er fylgst með Ingólfi umboðs- manni koma meðlimum Gleðisveitarinn- ar í fremstu röð sveitaballahljómsveita og vera snöggur að því! Ingólfr fær tæpt sumar til að gera strákana fræga og íþáttunum, sem eru nokkurs konar blanda af heimildar- og skemmtiþáttum, verður fylgst með því hvaða aðferðum hann beitir. Gleðisveitinni verður fylgt eftir á ferðum sínum um landið í leit að frægð og frama og áhorfendur sjá með eigin augum hvernig óþekkt bílskúlsband breytist í hljómsveit Íslands! Gleðisveitin er auðfúsugestur á hverju heimili, plötu- skáp og félagsheimili og eins og Ingólfr

Hópreið og heiðursfélagar

Haldið var upp á 30 ára afmæli hestamannafélagsins Gnýs í Bolungarvík á laugardag. Efnt var til um 40 manna hópreiðar um nágrenni hesthúsa-

byggðarinnar Múrhúsa-lands. Því næst var boðið til kvöldverðar og skemmtunar í félagsheimili Gnýs. „Þar voru heiðruð hjónin Bjarnveig Samúelsdóttir og

Magnús Jakobsson frá Ingólfsfirði en þau eru búin að vera lengi í hestamennskunni“, segir Jón Guðni Guðmundsson, formaður félagsins. Hjónin voru gerð að

heiðursfélögum Gnýs og þeim afhent skjal því til staðfestingar, auk sérhannaðs listaverks. Ljósmynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Hjónin Magnús og Bjarnveig taka við listaverki og skjali.



sjálfur orðar það: „Við erum að tala um hljómsveit sem er ekki bara hópur af mönnum sem búa til frábæra tónlist, heldur fjölskylda sem ÞÚ ert partur af!“. Það má búast við sannkallaðri sveitaballstemningu stanlausu stuði í allt sumar! **22:00 Djúpa laugin.** Í fyrrrasumar var í fyrsta sinni bryddað upp á þeirri nýbreytni að velja nýja úmsjónarmenn Djúpu laugarinnar í beinni útsendingu. Gafst sú tilraun afar vel og í ár hefur verið ákveðið að sami háttur skuli á hafður. Leitin að nýjum sundlaugarvörðum er hafin og áhugasamir geta sent inn umsókn og seinna í maí verður valinn hópur boðaður í viðtöl og þrúfur. Átta einstaklingar fá síðan tækifæri til að spreyta sig í beinni og áhorfendur geta haft áhrif á hverjir verða fyrir valinu sem sundlaugarverðir komandi vetrar **23:00 CSI: Miami (e)** **23:50 Brúðkaupsþátturinn Já (e)** **00:40 Jay Leno (e)** **01:40 Dagskrárlök**

Laugardagur 14. júní

13:30 Dateline (e)
14:30 Mótur - Sumarsport
15:30 Jay Leno (e)
16:00 Djúpa laugin (e)
17:00 World's Wildest Police videos
18:00 „Fólk - með Sirrý“ Fjölbreyttur þáttur um fólk í leik og starfi, gleði og sorg. Skollaleikur með Árna Pétri fer út um víðan völl. Lokapátturinn verður sendur út frá hjarta Reykjavíkur þar sem ljóstamenn og góðir gestir koma fram. Úrslit áhorfenda liggeja þá fyrir í valinu á „Framúrskarandi fólk“.
19:00 Traders (e)
20:00 Md's. Skoski sjarmurinn John Hannah fer með hlutverk læknisins Robert Dalgety í MD's sem eru á dagskrá á laugardagskvöldum kl. 20:00. Þættirnir gerast á sjúkrahúsi og meðal annarra leikara er hinn írskættaði William Fichtner sem leikur galgopann William Keller-man
21:00 Leap Years
22:00 Law & Order SVU (e) Geðþekkur og harðsnúinn hópur sérvingra vinnur að því að finna kynferðisglæpamenn í New York. Stabler og Benson, Munch og Tutuola undir stjórn Don Cragen yfirvarðstjóra og Alexandru Cabot saksóknara leita allra leiða til að finna tilræðismenn, nauðgara og annan sora og koma þeim bakvið lás og slá.
22:50 Philly (e) Kathleen er fyrsta flokks verjandi, sannur riddari hringborðsins í leit að hinum heilaga kaleik réttlætisins. Ásamt félaga sínum berst hún harðri baráttu við hrokafulla saksóknara og dómara í von um að fá kerfið til að virka. Kathleen er líka einstæð móðir og barnsfaðirinn jafnframt helsti andstæðingur hennar og ofurfandi, sjálfur aðal-saksóknari Filadelfíuborgar.
23:40 Tvöfaldur Jay Leno (e)
01:10 Dagskrárlök

Sunnudagur 16. júní

13:00 48 Hours (e)
14:00 Life with Bonnie (e)
14:30 The King of Queens (e)
15:00 Md's (e)
16:00 Boston Public (e)
17:00 Brúðkaupsþátturinn Já (e)
18:00 Philly (e)
19:00 Cybernet (e)
19:30 Drew Carey (e)
20:00 Traders. Slóttugir og undirfóru-ir kaupýslumenn með vafasama fortöð sitja í bankaræði fjárfestingabanka í Kanada og leita allra leiða til að hámarka gróða sinn. Þeir eru fyrir löngu búnir að merkja fyrir rýtingnum á bakinu á hverj-



Skoda sendibifreið til sölu

Til sölu er Skoda Felicia pickup sendibifreið árgerð 1996, ekinn 95 þús. km. Bifreiðin þarfnast viðgerðar. Tilboð óskast.

Upplýsingar gefur Halldór Sveinbjörns-son í síma 894 6125.

um öðrum en þeir eru líka slyngir í að standast hverjum öðrum snúning. Plott, peningar og ill augaráð eru þeirra líf og yndi.
21:00 Practice. Bobby Donnell stjórnar lögmannastofu í Boston og er hún smá en kná. Hann og meðeigendur hans grípa til ýmissa ráða, sumra þýsna frumlegra til að koma skjólstæðingum sínum

undan krumlu saksóknara, þar á meðal hinnar harðskeyttu Helen Gamble sem er samt mikil vinkona þar og sannar þar með enn og aftur að vinna og skemmtun þarf ekki að fara saman (þó hún geti gert það).
21:50 Perlur & svín.
23:20 Hjartslátur (e)
00:10 Gleðisveit Ingólfs (e)
00:40 Dagskrárlök

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

Hvað er að ske? Á helginni
12. júní - 15. júní

Identity is a secret. Identity is a mystery. Identity is a killer.

IDENTITY
The secret has within.

Fór beint á toppinn USA.

Einn óvæntasti spennutryllir ársins!
Hrikalega mögnuð mynd sem kemur virkilega á óvart!

Sunnudag kl 8 Mánudag kl 8
Bönnuð innan 16

Sjallinn
Café - Restaurant
Bar

Pöbb + Diskó

Föstudags- og laugardagskvöld

Frábær tilboð á EGILS

Fasteignaviðskipti

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDE.
Mafnarstræti 1 - Ísafirði
Símar: 456 3940 & 456 3244
Fax: 456 4647 - Netfang: tryggvi@uneyja.is
Heimasíða: www.bb.is/tg

Vantar eignir á skrá

Þingskálavægið
Bakkavægi 4b: 100 m² lítið einbýlishús í timbri ásamt fyrirtæki um kleinsækisverk. Tilboð óskast
Hlíðavægi 37: 185,9 m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr og einstaklið. Skipti á minni eign koma til greina. Verð 10,2 m.kr.
Hlíðavægi 10: 120,9 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt grósum garði og eignarlóð Laust fljótlega. Verð 4,8 m.kr.
Norðurvegi 2: 150,1 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og rektabæri eignarlóð. Verð 11,5 m.kr.
Eyrargata 6: 109,1 m² 4ra ber-
bergja íbúð á 4. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Tilboð óskast
Fjarðarstræti 57: 100,8 m² 4ra berbergja íbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Tilboð óskast
Fjarðarstræti 14: 100 m² falleg 4ra herb. íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt 60m² kjallara og 27,8 m² geymsla-skúr. Baklós fylgir neðri hæðinni. Húsið allt ný klætt og einangrað. Áhr. ca. 1,5 m.kr. Verð 6,8 m.kr.
Fjarðarstræti 32: 113 m² 5 herb. íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt bílgeymslu. Tilboð óskast
Stórholt 11: 122,9 m² 4ra herb. íbúð á 3.h.v. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð 7,5 m.kr.
Eignir berbergja íbúðir:
Engjavægi 31: 92,1 m² 3ja herb. íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi í góðu standi. Verð 5,8 m.kr.
Fjarðarstræti 66: 113,5 m² 3ja berbergja íbúð í fjölbýlishúsi ásamt geymslu. Verð 5,7 m.kr.
Fjarðarstræti 38: 3-4ra berbergja íbúð að hluta undir risi. Íbúðin er í góðu standi. Verð 4,5 m.kr.
Grundargata 6: 59 m² íbúð á 2. hæð til vinstri í fjölbýlishúsi. Verð 4 m.kr.
Hlíð II Torfendi: 62,5 m² 2ja-3ja herb. íbúð á jarðhæð í Dvalarheim-ili aðdræta. Íbúðin er laus strax til sölu eðlaðlega. Verð 7,1 m.kr.
Pólgata 6: 55 m² risubúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi. Verð 3,9 m.kr.
Silfurtorgi 11: 56,2 m² (75m² gölf-flokkur, mikil rými í risi) Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Verð 5 m.kr.
Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhr. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.
Stórholt 11: 72,6 m² íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 3 m.kr.
Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Skóða öll tilboð. Möguleiki að taka bíl uppí. Áhr. ca. 3 m.kr. Verð 5,5 m.kr.
Urðarvegur 49: 102,5 m² kjallara-íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Tilboð óskast
Hlíðavægi 37: 185,9 m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr og einstaklið. Skipti á minni eign koma til greina. Verð 10,2 m.kr.
Hlíðavægi 10: 120,9 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt grósum garði og eignarlóð Laust fljótlega. Verð 4,8 m.kr.
Norðurvegi 2: 150,1 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og rektabæri eignarlóð. Verð 11,5 m.kr.
Eyrargata 6: 109,1 m² 4ra ber-
rekstri, ásamt innréttingum, takjum og íbúðum. Tilboð óskast
(Stórholt):
Holtagata 4: 186 m² nýtt einbýlishús á þremur þöllum ásamt bílskúr. Verð 12 m.kr.
(Sautureyri):
Aðalgata 16: 133 m² uppert skrifstofuhúsnæði á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 3 m.kr.
(Bolungarvík):
Holtabrunn 5: 184,8 m² hlaðb einbýlishús á einni hæð ásamt 51 fm kjallari og 34,5 fm bílskúr. Tilboð óskast
Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluáhræmi. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnestræti 1 og á heimasíðu okkar: www.bb.is/tg

veðrið

Horfur á föstudag: Austlæg átt, 3-8 m/s eða hafgola. Skýjað og úrkomulítið austan- og suðaustanlands en annars skýjað með köflum og síðdegisskúrir. Sum staðar þokuloft við norður- og austurströndina. Hiti 6-17 stig, hlýjast vestan til.

Horfur á laugardag: Austlæg átt, 3-8 m/s eða hafgola. Skýjað og úrkomulítið austan- og suðaustanlands en annars skýjað með köflum og síðdegisskúrir. Sum staðar þokuloft við norður- og austurströndina. Hiti 6-17 stig, hlýjast vestan til.

Horfur á sunnudag: Austlæg átt, 3-8 m/s eða hafgola. Skýjað og úrkomulítið austan- og suðaustanlands en annars skýjað með köflum og síðdegisskúrir. Sum staðar þokuloft við norður- og austurströndina. Hiti 6-17 stig, hlýjast vestan til.

Horfur á mánudag: Austan og norðaustanátt. Rigning sunnan og austanlands, en annars skýjað með köflum og þurr að kalla. Hlýtt í veðri.
Horfur á þriðjudag: Norðaustan og austanátt. Skýjað og vætusamt. Milt í veðri.

bb.is

afmæli



Þann 14. júní nk. munu hjónin **Hákon Salvarsson** og **Steinnunngimundardóttir** í Reykjarfirði, bjóða til afmælskaffidrykkju í Reykjanesi (kennslubýggingu) frá kl. 15-18 í tilefni af **80 ára** afmæli Hákonar og **70 ára** afmæli Steinunnar. Vinir og venslafólk er hjartalega velkomid.

Filmusafn áhugaljósmyndarans Jóns Hermannssonar

Fleiri þúsund filmur færðar Ljósmyndasafninu á Ísafirði

Ljósmyndasafninu á Ísafirði hefur áskotnast hið geysimikla filmusafn Jóns Hermannssonar áhugaljósmyndara sem lést fyrir stuttu. Inga Rut Olsen, ekkja Jóns, og börn þeirra gefa filmurnar

og verður Inga Rut safnvörðum innan handar við greiningu og skráningu filmusafnsins.

„Um er að ræða fleiri þúsund filmur sem Jón tók á ferli sínum en hann var mjög fær og áhugasamur ljósmyndari“,

segir Jóhann Hinriksson, safnavörður á Ísafirði. „Safninu er þetta afar mikill fengur, ekki síst margar mjög vel gerðar atvinnulífsmyndir frá því upp úr miðri síðustu öld.“

Filmunum verður komið

fyrir í sérstökum filmugeymslum í Safnahúsi Ísafirðinga (Gamla sjúkrahúsinu) og þær skráðar inn í tölvukerfi safnsins þar sem hægt verður að fletta þeim upp og skoða.

halfdan@bb.is

Skotglaðir skemmdarvargar á ferð í Aðalvík

Slysavarnaskýli illa leikið eftir haglabyssuskot

Jósef Vernharðsson rafvirki í Hnífsdal kom að slysavarnaskýlinu á Látrum í Aðalvík illa leiknu er hann var þar á ferð á annan í hvítasunnu. Segir hann að skotið hafi verið á skýlið með haglabyssu og voru allar rúður í glugga þess brotnar. Glugginn á skýlinu stendur nokkuð hátt og segir Jósef að þegar staðið sé framan við húsið verði að miða upp á við til að hæfa gluggann en svo virðist sem skotið hafi verið á hann utan frá. „Við sáum strax haglaförin í loftinu“, segir Jósef.

Óhrjálegt var um að lítast inni í skýlinu. Segir Jósef að

neglt hafi verið fyrir gluggann en þó hafi fugl komist inn um rifu og orpið í húsinu með tilheyrandi útgangi. „Peir sem gerðu þetta virðast hafa rífið í burtu spýtur úr loftinu til að fela ósómann. Þó að skýlið sé ekki hið vistlegasta þá er þetta ekki til að bæta ásýnd þess.“

Jósef segist ekki vita hvenær verknadurinn átti sér stað þó hann telji líklegt að það hafi verið snemma í vor. Tók hann myndir af verksummerkjum og lét lögreglu í té. Hjá lögreglunni eru skemmdarverk af þessu tagi litin alvarlegum augum og er málið í rannsókn.

kristinn@bb.is



Innan dyra var óhrjálegt um að lítast og höfðu meðal annars verið rifin borð úr loftinu. Ljósmynd: Jósef Vernharðsson.



Misjafnar gæftir í Bolungarvík

Færabátar sem róa frá Bolungarvík komust sama og ekkert á sjó það sem af var þessum mánuði fyrir en á mánudag. Fóru þá margir á sjó og fiskaðist ágætlega en í síðustu viku reru einungis tveir færabátar part úr degi. Gæftir hafa verið heldur skárri hjá línubátunum en einhverjir þeirra voru á sjó alla daga síðustu viku. Meðfylgjandi mynd var tekin við Bolungarvíkurhöfn síðdegis á mánudag er löndun stóð yfir á tveimur bátum.

Stafrænar myndavélar og fartölvur

straumur

Silfurgötu 5
Sími 456 3321

Afkoma Súðavíkurhrepps á síðasta ári töluvert betri en áætlað var

Tólf milljóna króna hagnaður

Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta Súðavíkurhrepps var jákvæð á síðasta ári um tæpar tólf milljónir króna en í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir fjögurra milljóna króna afgangi. Þetta kemur fram í ósamþykktum ársreikningum hreppsins en síðari um-

ræða um þá verður lokið á næsta fundi hreppsnefndar.

Ef einungis er skoðaður A-hluti sveitarsjóðs, var gert ráð fyrir 3 milljón króna afgangi en hann varð tæpar 12 milljónir. Ný skipan sveitarsjóðareikninga hefur verið tekin upp. Undir A-hluta fellur starf-

semi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Til B-hluta telst starfsemi fyrirtækja sem að hálfu leyti eða meira eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Eigið fé A- og B-hluta

hreppsins nam í árslok 508 milljónun. Þar af var eigið fé A-hluta rúmar 527 milljónir en eigið fé B-hluta var neikvætt um líðlega 19 milljónir. Eiginfjárstaða hreppsins hefur styrkst um tæpar 19 milljónir á milli ára.

kristinn@bb.is

MITAC  **MINote 8640**



Intel Pentium 4 semihúti
Grafíski 945M, 8M Mi stýkur, TV-OUT
Flekkur 15" skýli, SXGA+ uppl. 1600x1200
4x USB 2.0, Firewire, PCMCIA
DDR2 minnihúti
COMBO (CD/DVD og skráar)
13.9WU 3000mAh í innifl. hlaða
Minnihúti/leitar [1 "Flashcard reader"]
Tveitla skráar
Inbyggð öfnæmleiki (Infrared net (IR) 114)

sumartilboð

Útgáfa 1
• 2.0 GHz Óstærta öfnæmleiki
• 1GB DDR2 minnihúti
• 20GB skráar
• Án skráar
kr. 199.000,-

Útgáfa 2
• 2.0 GHz Óstærta öfnæmleiki
• 2GB DDR2 minnihúti
• 20GB skráar
• 802.11b/gn WP skráar
kr. 199.000,-

Álfr semisveigir í boði
Sími 562 0707
Öskun 562 0707
Öskun 562 0707

Útgáfa 3
• 2.0 GHz Óstærta öfnæmleiki
• 2GB DDR2 minnihúti
• 20GB skráar
• 802.11b/gn WP skráar
kr. 199.000,-

Álfr hefur fyllinguna
fyrir hlaðna á lager
Öskun 562 0707

 **HUGVER**

Hugver ehf • Vitastíg 12 • 101 Reykjavík • www.hugver.is • hugver@hugver.is • sími 562 0707